

FYRIRSÆTA Í FYLGD MEÐ DÁNUM

Blómasalinn Ragnar Michelsen býr í nánd við himnaríki, sex hæðum yfir sjávarmáli með útsýni eins og horft sé ofan af skýjunum.

SÍÐA 7



Ótrúlegur Evrópusigur hjá Tusem Essen:

Íslenskur Evrópumeistari

Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson varð Evrópumeistari með Tusem Essen í gær eftir ævintýrlegan sigur gegn Íslendingaliði Magdeburg.

ÍPRÓTTIR 24



FRÉTTABLAÐIÐ

8. maí 2005 - 122. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Tímamót hjá heimsins vinsælustu fjölskyldu

Simpson-fjölskyldan fagnar frumsýningu 350. þáttarins í Bandaríkjunum í dag. Engin gamanþáttur hefur lifað lengur í sjónvarpi



SIMPSONS 38

Hugmyndaauðgi og dugnaður

Ragnar í Smára var þekktur fyrir framlag sitt til lista og menningar. Fyrst og síðast var hann skapandi og eljumikill kaupþýslumaður



VIÐSKIPTI 10

Hirðhönnuður Mugison

Alli Metall hannaði umslagið utan um Mugimama is this monkey music? með Mugison



TÓNLIST 38

VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM VIÐA UM LAND FRAMAN AF DEGLI. Þykkvar upp vestan til síðdegis eða í kvöld með lítilsháttar vætu. Hiti 0-9 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4

76%

20-49 ára fólks á sv-horninu lesa Fréttablaðið á fimmtudögum.*

Náðu til fólksins sem er að leggja drög að viðtækri neyslu helgarinnar.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Dísel lækkar um fimm krónur

Ríkisstjórnin samþykkti í gær að lækka dísilolíugjald um fimm krónur á lítrann frá 1. júlí næstkomandi. Fjármálaráðherra segist leggja til lækkingu vegna óvenjulegrar hækkunar á heimsmarkaðsverði á dísilolíu.

OLÍUGJALD Geir Haarde fjármálaráðherra lagði í gær fram frumvarp til laga um lækkingu olíugjalds á dísilolíu, en að óbreyttu heimsmarkaðsverði hefði dísilolía orðið dýrari en bensín frá 1. júlí næstkomandi. „Hugmyndin með kerfisbreytingum á olíugjaldi var meðal annars að hvetja til notkunar dísilolíu því hún er að jafnaði ódýrari fyrir þjóðarþúið. Eldsneytisnotkun dísilbifreiða er minni en bensínbifreiða og auk þess veldur dísilolían minni mengun,“ segir Geir Haarde. Hann segir að ef dísilolían eigi að verða ódýrari en bensínið verði að bregðast við háu heimsmarkaðsverði olíunnar nú. „Ríkisstjórnin samþykkti í þessu ljósi tillögu mína um að lækka olíugjald á útsöluverð um fimm krónur lítrann. Þetta er bráðabirgðaákvæði og í haust verðum við að fara nánar yfir málið þegar komin er nokkurra mánaða



GEIR HAARDE FJÁRMÁLARÁÐHERRA Lækkingu um fimm krónur á lítrann þýðir 160 milljóna króna minni tekjur í ríkissjóð.

reynsla á þetta. Stilla þarf olíugjaldið af með varanlegri hætti gagnvart bensínjaldinu, sem er reyndar tvískipt, og svo kílómetragjaldið sem lagt er á bíla tíu tonn og þyngri. Þannig ættu allir að borga eðlilega af sinni eldsneytisnotkun. Við ráðum ekki heimsmarkaðsverðinu. En það hefur lengi verið rætt um að koma á þessu olíugjaldskerfi og lög um það voru samþykkt í fyrra. Flestir töldu þetta vera til bóta, meðal annars Félag íslenskra bifreiðaeigenda. Við viljum bregðast við þessum sérstöku aðstæðum með lækkingu olíugjaldsins þótt það kosti ríkissjóð um 160 milljónum króna minni tekjur á þessu ári,“ segir Geir. Hann telur líkur á því að dísilolían lækki í verði gagn-

vart bensíni á næstu mánuðum og segir ástandið bæði óvenjulegt og óeðlilegt á heimsmarkaðnum. „Þetta verður bráðabirgðaákvæði við gildandi lög og er ætlað að gilda í sex mánuði. Þetta krefst lagabreytingar nú þegar langt er liðið á þinghaldið og ég vona að um þetta náist góð samstaða.“

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, fagnar áformum um verðlækkingu dísilolíunnar, enda sé með samþykktinni leitast við að ná grundvallarmarkmiðum um að lækka olíureikning þjóðarinnar og draga úr koltvísýringmengun bílafloðans. „Þetta er þjóðþrifamál og ég hvet alla þingmenn til þess að samþykkja þetta frumvarp,“ segir Runólfur.

Audioslave: Spilaði rokk á Kúbu

ROKK Þúsundir Kúbverja mættu á tónleika í Havana á Kúbu á föstudagskvöldið til að hlýða á bandarísku rokkhljómsveitina Audioslave. Tónleikarnir voru haldnir á á Andheimsvaldastefnutorginu í miðborginni en það var á sínum tíma gert fyrir fjölda fundi gegn Bandaríkjunum. Ríkisstjórnir beggja landanna gáfu hins vegar leyfi fyrir tónleikahaldinu. Kúbversk stjórnvöld litu rokktonlist lengi vel hornauga en nú er öldin önnur. Fyrir fjórum árum hélt til dæmis breska sveitin Manic Street Preachers tónleika á Kúbu og þá sat Fidel Castro á fremsta bekk. Hann var þó ekki á Audioslavetónleikumum.



FRÁ TÓNLEIKUNUM.



STRÍÐSLOKANA MINNST Í dag eru sextíu ár síðan þýskir nasistar gáfust formlega upp fyrir herjum bandamanna. Þessi minnst menn víða um álfuna, meðal annars í Moskvu en þar kom fjölmenni saman í gær. Ivan Bobarykin og Interna Fedotova voru í þeim hópi en þau muna svo sannarlega tímana tvenna. Moskva verður áfram í sviðsljósinu því á morgun halda meira en fimmtíu þjóðarleiðtogar upp á tímamótin í borginni.

Sjá síðu 4.

OPIÐ 13-18

Snyrtidagar

Nýjir sumarlitir, tilboð og kaupaukar

Lokadagurinn!



SPURNING DAGSINS

Pétur, var Wham ekki betri en Duran Duran?

„Nei, þeir áttu við ofurefli að etja.“

Pétur Ívarsson er einn dyggasti aðdáandi Duran Duran á Íslandi og mun væntanlega ekki láta sig vanta á tónleika sveitarinnar í Egilshöll 30. júní næstkomandi.

Segir þeim stríð á hendur sem misnota nafn hans í gróðaskyni:

Nelson Mandela í málaferlum

HÖFÐABORG. AP Friðarfrömuðurinn Nelson Mandela hefur nú sagt þeim stríð á hendur sem misnota nafn hans í gróðaskyni. Hann hefur ráðið hóp lögmanna til að gæta hagsmuna sinna. Fáir jarðarbúar geta státað af viðlíka frægð og virðingu og hinn 87 ára gamli friðarpostuli og er greinilegt að vildu allir Lilju kveðið hafa. Alls kyns munir og menjar bera nafn Mandela og má fullyrða að hann hafi ekki gefið leyfi fyrir nema broti af þeim. Nú hefur hann fengið nóg.

„Ef nefna á safn eða menntastofnun í höfuðið á honum eru allar líkur á að hann samþykki það, ef hann er beðinn um leyfi fyrst,“ seg-

ir Don MacRobert, einn lögmanna Mandela. „Ef þú vilt fá nafnið lánað í auðgunarskyni, til dæmis á boli eða hatta þá er svarið nei.“

Áströlskum manni var á dögum stefnt en hann hafði skráð internetlénið nelsonmandela.com. Þá vildi hollensk kona nefna fyrirtæki sitt Nelson Mandela og þegar Mandela mótmælti því sagði hún að nafnið væri í raun heilagt orð á sanskrít.

Meira að segja fyrrum lögmanni og vini Mandela, Ismael Ayob, hefur verið stefnt en hann er grunaður um að hafa stungið ágóða af málverkasölu kappans í eigin vasa og falsað undirskrift hans á fjölda verka.

-shg



NELSON MANDELA Tískufyrirtæki vildi fá einkarétt á númerinu sem Mandela bar í sinni löngu fangelsisvist en lögmaður hans sendi því stefnu í bundnu máli og ekkert varð að áformunum.

Spænskur sjómaður:

Þjáður af verkjum

ÚTKALL Spænskur sjómaður var fluttur með TF-LÍF, þyrilu Landhelgisgæslunnar, um tíuleytið í gærmorgun eftir að hann hafði kvartað sáran undan kvíðverkjum.

Maðurinn, sem er 23 ára, var á veiðum á spænskum togara úti við tveggja mílna landhelgislinuna suðvestur af Reykjanesi þegar atvikið átti sér stað. Fokker-flugvél fylgdi þyrilunni að Landspítalanum við Hringbraut þar sem maðurinn gekkst undir rannsókn. Að sögn vakthafandi læknis á slyssadeild var maðurinn með botlangabólgu og líðan hans eftir atvikum. -fb

Japanar um N-Kóreu:

Vilja kæra

KYOTO. AP Japanar hyggjast kæra Norður-Kóreumenn til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á næstu vikum, áður en þeir sprengja kjarnorkusprengju í tilraunaskyni.

Dagblaðið New York Times greindi frá því að gervihnattamyndir sem Pentagon hefði undir höndum sýndu mikil umsvif á stað í norðausturhluta Norður-Kóreu þar sem talið er að kjarnorkutilraunir fari fram. Meðal annars virtist útsýnispallur í smíðum fyrir ráðamenn svo þeir gætu fylgst með sprengingunni.

Hvorki gengur né rekur í sex ríkja viðræðunum svonefndu um kjarnorkuvopnavæðingu Norður-Kóreumanna. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

MED 12 LÍTRA AF LANDA OG FÍKNIEFNI Tveir menn undir tvítugu voru stöðvaðir á Laugaveginum um þrjúleytið í fyrri nótt með tólf lítra af landa og lítlræði af fíkniefnum í fórum sínum. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík voru þeir vistaðir í fangageymslum og yfirheyrðir.

Er full alvara með eigin vegaáætlun

Gunnar I. Birgisson vill meira fé til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og segir vegaáætlun sína vera sáttargjörð. Hann vill hætta við Héðinsfjarðargöng en tvöfalda Reykjanesbraut í gegn um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

SAMGÖNGUR Gunnar I. Birgisson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er afar ósáttur við afgreiðslu meirihluta samgöngunefndar Alþingis á vegaáætlun, en hún var afgreidd úr nefndinni með litlum breytingum. Gunnar lagði fram eigin vegaáætlun í gær og verður hún tekin fyrir á Alþingi eftir helgi.

„Ég er fullkomlega ósáttur við afgreiðslu samgöngunefndar og þess vegna legg ég fram mína eigin áætlun sem ég tel vera sáttargjörð í málinu. Ég vil auka vegafé höfuðborgarsvæðisins. Ég vil slá af Héðinsfjarðargöngin en mæli með göngum milli Fljóta og Siglufjarðar í staðinn. Ég legg til göng í gegnum Vaðlaheiði, sem að hluta til yrðu einkaframkvæmd og fjármögnuð með veggjaldi. Þetta vil ég gera til að tengja Eyjafjarðarsvæðið við Húsavík og Mývatnsveit.“



GUNNAR I. BIRGISSON

Gunnar leggur jafnframt til umfangsmiklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. „Ég legg til breikkun Vesturlandsvegar og Reykjanesbrautar í gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð ásamt mislægum gatnamótum. Ég geri tillögu um Sundabraut og aðrar smærri framkvæmdir. Ég er vitanlega að vinna fyrir íbúa þessa svæðis þar sem tveir þriðju landsmanna búa. Þeir fá aðeins um tuttugu prósent



UMFERDARTAFIR OG SLYSAHÆTTA Landsmenn eiga um 200 þúsund bíla. Þar af eru 150 þúsund á höfuðborgarsvæðinu.

af fé til nýframkvæmda. Með mínum tillögum mun þetta hlutfall hækka í um þrjátíu prósent.“

Gunnar telur að rétta megi nokkuð hlut höfuðborgarsvæðisins án þess að ganga nærri öðrum framkvæmdum og hlut landsbyggðarinnar.

Hann telur víst að um tillögur sínar ríki þverpólitísk samstaða meðal bæjarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu. „Það eru um tvö þúsund bílar á landinu öllu og þar af eru um hundrað og fimmtíu þúsund á suðvesturhorninu. Hér sitja menn fastir í umferð og hér verða slysin sem kosta bæði

mannslíf og fjármuni. Umferðartafirnar kosta tíma og peninga. Hér er uppspretta tekna til vegaframkvæmda sem eiga samt ekki að renna að mestu hingað, en það verður að bæta ástandið.“

Gunnar kveðst vona að tillögur um breytingar á vegaáætlun verði samþykktar. Í þeim liggja mikil vinna og þær séu lagðar fram í fullri alvöru.

Halldór Blöndal, forseti Alþingis, segir að tillögur Gunnars verði lagðar fram með vegaáætlun eftir helgi og meirihluti Alþingis ráði afgreiðslu þeirra.

johnanh@frettabladid.is

Norður-Írland

Róttækum óx ásmegin

BRETLAND Róttækir flokkar kaþólikka og mótmælenda fengu flest þingsæti Norður-Íra í bresku þingskosningunum, á kostnað hófsamari flokka. Ósigur

David Trimble, leiðtoga Sameiningarflokks Ulster, kom mest á óvart en hann hefur verið í fylkingarbrjósti hófsamra mótmælenda um margra ára skeið. Sagði hann af sér leiðtogaembættinu í kjölfarið.

Trimble fékk friðarverðlaun Nóbels á sínum tíma ásamt kaþólikkanum John Hume fyrir þátt sinn í friðarsamkomulaginu sem kennt er við föstudaginn langa.

Flokkur séra Ian Paisley vann hins vegar stórsigur í röðum mótmælenda og Sinn Fein fékk bróðurpartinn af atkvæðum kaþólikka. ■



DAVID TRIMBLE

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÁREKSTUR VIÐ ÁRMÚLA Tver bílar lentu saman á Háaleitisbraut við Ármúla um miðnætti á föstudag. Annar ökuamaðurinn var grunaður um ölvun. Var hann fluttur á sjúkrahús ásamt hinum ökuamanninum. Meiddist hann á fæti. Flytja þurfti báða bílana í burtu í kranabíl þar sem þeir voru óökufærir eftir slysið.

TEKNIR MED FÍKNIEFNI OG PENINGA Tveir menn um tvítugt voru handteknir með fíkniefni og peninga í fórum sínum í miðbæ Reykjavíkur um fjögurleytið í fyrri nótt. Talið var líklegt að mennirnir hafi bæði ætlað að selja fíkniefnin og nota þau sjálfir. Líklega var þarna um kannabisefni að ræða að sögn lögreglunnar.

Úrslitin í bresku kosningunum liggja fyrir:

Stjórn Tony Blair stendur tæpt

BRETLAND Verkamannaflokkurinn hefur 66 sæta meirihluta í breska þinginu en úrslit bresku þingskosninganna lágu endanlega ljós fyrir í gær. Sá meirihluti gæti reynst ríkisstjórninni of naumur til að koma umdeildum málum í gegn.

Endanlegar lýktir bresku þingskosninganna eru þær að Verkamannaflokkurinn fékk 356 þingsæti, íhaldsmenn 197, frjálslyndir demókratar 62 og aðrir flokkar 30. Kosningu í syðra Staffordskíri var frestað um mánuð þar sem einn frambjóðendanna andaðist á lokaspretti baráttunnar.

Greining dagblaðsins The Independent á úrslitunum sýnir að þeir stjórnarþingmenn sem ekki lutu flokksaga á síðasta kjörtímabili voru endurkjörnir í nægilega ríku mæli til að geta fellt umdeild stjórnarfrumvörp í þinginu. 66 sæta meirihluti er því afar



GORDON Í GÖÐU SKAPI Gordon Brown var glaður í bragði á föstudaginn enda allar líkur á að hann verði forsætisráðherra síðar á kjörtímabilinu. Tveir nýju ráðherranna í stjórninni eru honum mjög hlíðhollir.

tæpur fyrir Tony Blair. Tveir af fjórum nýjum ráðherrum í ríkisstjórninni, þeir Des Brown, ráðherra innflytjendamála, og Douglas Alexander, Evrópumálaráð-

herra, eru mjög handgengnir Gordon Brown, fjármálaráðherra. Það þykir til marks um að Blair muni vikja fyrir Brown fyrr en síðar.

-shg

Iceland Express

Spánnýir sólarsemillir í júní og Kaupmannahöfn í kaupbæti

Krít, Kos, Ródos, Samos og Zakynthos í Grikklandi	Djerba í Túnis
frá 59.990 kr.	64.990 kr.
Cesme í Tyrklandi	Sharm el Sheikh í Egyptalandi
64.990 kr.	64.990 kr.
	Kanariefjar
	68.990 kr.

Nánari upplýsingar á www.apollo.is

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

Öll verðdæmi í tvíbýli með öllu!

LANGferðir

Sumir nota stundum hjálm. En okkur finnst að allir ættu
að nota hjálm yfir höfuð – alltaf. Hjálmur bjarga mannlífum.
Sýndu fyrirhyggju – og njóttu lífsins áhyggjulaus!



Yfir höfuð – alltaf

HVITA HUSID / SIA



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 06.05.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,99	64,29
Sterlingspund GBP	121,49	122,09
Evra EUR	82,90	83,36
Dönsk króna DKK	11,14	11,20
Norsk króna NOK	10,22	10,28
Sænsk króna SEK	9,05	9,10
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR XDR	96,98	97,56

Gengisvísitala krónunnar

114,43 +0,26%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök til varnar Vestfjörðum:

Vilja reka alla þingmennina

LANDSBYGGÐ Unnið er að stofnun þverpólískra samtaka til varnar Vestfjörðum og hvetur frumkvöðull stofnunar þeirra til þess að kjörnum fulltrúum Vestfjarða verði sagt upp störfum.

Það er Víðir Benediktsson, framkvæmdastjóri í Bolungarvík, sem upphaflega hvatti til þessara aðgerða í grein á vef Bæjarins besta og hann segist með þessu einfaldlega vera að kalla eftir hugarfarsbreytingu hjá Vestfirðingum. „Okkur finnst að kjörnir fulltrúar Vestfjarða hafi ekki staðið sig í því að berjast fyrir okkar málstað. Á síð-

ustu tuttugu árum hefur jafnt og þétt hallað undan fæti,“ segir hann.

Þar bendir hann meðal annars á stöðuga fólksfækkun, einhæft atvinnulíf, lág laun, slæmar samgöngur, háan húshitunarkostnað og eignaupptöku í formi þess að eignir fólks séu verðlausar. Og til að reyna að sporna gegn þessu hyggst Víðir stofna samtök til varnar Vestfjörðum. „Ég hef fengið nokkuð góð viðbrögð við þessu, það góð að það er ljóst að þessi samtök verða að veruleika,“ segir Víðir Benediktsson.

- ssal



VÍÐIR BENEDIKTSSON Segir kjörna fulltrúa Vestfjarða á þingi og í sveitarstjórn hafa brugðist trúnaði kjósenda og vill breytingar.

Marburg-veiran:

Enn smitast Angólamenn

GENE. AP Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunin WHO skoðar nú hvort verið geti að lækni og hjúkrunarfræðingur í Angóla hafi smitast af Marburg-veirunni óhugnanlegu. Grunur leikur á að smit hafi átt sér stað þegar fólk fékk á sig blóð úr sýktum manni án þess að vera í viðeigandi hlífðarfatnaði. Talsmenn WHO segja mikið áhyggjuefni að heilbrigðisstarfsmenn smitist.

Marburg-veiran smitast með líkamsvesum og engin lækning er til við banvæni veikinni. Á síðustu vikum hafa 308 tilfelli verið skráð í Angóla, 277 þeirra banvæn.

Tallenskar konur:

Þvingaðar til vændis

NOREGUR Allmörg dæmi eru um það í Noregi að tallenskar konur sem giftast norskum mönnum eru þvingaðar í vændi. Dagblaðið Verdens Gang greinir frá einu tilfelli þar sem maður lét tallenska eiginkonu sína afla fjár með vændi í tíu ár til að borga fyrir íbúð hans og bíl. Að þeim tíma loknum skildi hann við hana, því hann gat ekki hugsað sér að búa með „hóru“. Hún missti allt, þar á meðal umgengnisrétt við börnin sín.

Á síðasta ári fluttu 935 konur frá Taílandi til að giftast norskum mönnum en á sama tíma komu 148 tallenskar konur í kvænnaathvarfið í Osló. ■

LÖGREGLUFRETTIR

PRÍR HANDSAMADIR UNDIR STYRI

Karlmaður innan við tvítugt var handtekinn í Kópavogi seinnipartinn í fyrrinótt grundaður um ölvun við akstur. Á Ísafirði var maður á fertugsaldri einnig handtekinn fyrir sömu sakir í fyrrinótt. Þá var ungur Keflvíkingur stöðvaður, grundaður um ölvun undir stýri.

Krufningu lokið:

Dantas druknaði

MANNSLÁT Dánarorsök Brasilíumanssins Ricardo Correia Dantas liggur nú fyrir eftir að réttarkrufning hefur farið fram og leitt í ljós að hann druknaði. Lík hans fannst á skerri rétt fyrir utan Stokkseyri í síðustu viku en þá hafði hans verið saknað síðan hann fór einn síns liðs fótgangandi frá heimili sínu 2. apríl síðastliðinn.

-jse

Stórveldin höfðu frelsi smáþjóðanna að engu

Sextíu ár eru í dag síðan nasistastjórnin í Þýskalandi gafst upp fyrir herjum bandamanna. Þess er víða minnst um Evrópu um helgina en hátíðahöldin ná hámarki í Moskvu á morgun þar sem verða meira en fimmtíu þjóðarleiðtogar.

STRÍÐSLOK Bush Bandaríkjaforseti viðurkendi í ræðu í gær í Lettlandi að Bandaríkjamenn hefðu átt sinn þátt í að járntjald skipti Evrópu í tvennt um áratuga skeið. Í dag eru sextíu ár liðin síðan nasistar gáfust upp fyrir herjum bandamanna.

Mikið er um dýrðir víða í Evrópu þessa dagana. Í gær fögnuðu Frakkar því að sextíu ár eru síðan nasistastjórnin í landinu gafst upp en friðarsamningarnir voru undirritaðir í borginni Reims 7. maí 1945. Michele Alliot-Marie, varnarmálaráðherra Frakklands, minntist fórnarlamba stríðsins og sagði að hetjudáðir þeirra sem á endanum frelsuðu Evrópu myndu alla tíð lifa í hjörtum íbúa álfunnar. „Það var í Reims sem Evrópa naut sinna fyrstu frelsisstunda,“ sagði Jean Louis Schneiter, borgarstjóri í tilefni tímamótanna.

Í dag eru svo liðin sextíu ár síðan vopnahléssamningar voru undirritaðir í Berlín og verður þess víða minnst í dag, til dæmis í Frakklandi, Bretlandi og vitaskuld Þýskalandi. Á morgun verða mikil hátíðarhöld í Moskvu þar sem á sjötta tug þjóðarleiðtoga koma saman. Leiðtogar Eistlands og Litháen ætla hins vegar að sitja heima enda boðuðu lok síðari heimsstyrjaldar ekki betri tíð fyrir íbúa Eystrasaltsríkjanna.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, kom við í Lettlandi í gær á leið sinni til Moskvu. Í ræðu sinni í höfuðborginni Ríga sagði hann að harðstjórnar Sovétmanna í Mið- og Austur-Evrópu myndi ætíð verða minnst sem einhvers mesta óréttlætis sögunnar.



BUSH OG VIKE-FREIBERGA George W. Bush viðurkendi í gær að Bandaríkjamenn hefðu átt sinn þátt í að skipta álfunni. Hann var staddur í Lettlandi í boði Vaira Vīķe-Freiberga, forseta landsins, en hún er eini leiðtogi Eystrasaltsríkjanna sem sækir hátíðahöldin í Moskvu á morgun.

Hann viðurkendi þó að Bandaríkjamenn hefðu átt sinn þátt í að kljúfa álfuna með því að taka þátt í Jalta-samkomulaginu svonefnda með Bretum og Sovétmönnum, en þar var Evrópu skipt um í áhrifasvæði sigurvegara heimsstyrjaldarinnar. „Enn og aftur sömdu stórveldi sín á milli um örlög þjóða og í þeim samningum var

frelsi litlu þjóðanna aukaatriði.“ Bush sagði að það hefði verið þversagnarkennt að sigurinn á nasistum hefði falið í sér að kúgun stórs hluta Evrópubúa hélt áfram næstu 45 árin.

Heimsstyrjöldinni síðari lauk svo formlega með uppgjöf Japana í ágúst 1945.

sveinng@frettabladid.is

Mæðradagurinn í dag:

Óskað eftir stuðningi

SÖFNUN Mæðradagurinn er haldinn hátíðlegur í dag. Samkvæmt niðurstöðu mæðraskýrslu samtakanna Barnaheill – Save the Children tengjast lífslíkur og velferð barna án vafa menntun og heilsu móður þeirra. Í þeim löndum þar sem aðbúnaður mæðra er góður farnast börnum yfirleitt vel.

Samtökin skora á landsmenn að hugsa til mæðra og verðandi mæðra á mæðradaginn með því að leggja starfi samtakanna lið. Söfnunarreikningur samtakanna er 1158-26-58 og kennitalan 521089-1059. ■

MIÐ-AUSTURLÖND

ENN ER ÖLGA HIÁ ÖRPÓDOXUM

Klofningur virðist kominn upp í grísku rétttrúnaðarkirkjunni í Ísrael. Hópur háttsettra klerka kveðst hafa sett patriarkann Íreneus I af vegna láns á kirkjumunum í heimildarleysi. Stuðningsmenn telja hins vegar brottvikninguna ógilda því einungis kirkjuþing geti samþykkt slíkt.

ÆTLAR GEGN MUBARAK

Essam el-Erian, háttsettur félagi í Bræðralagi múslíma í Egyptalandi, segist ætla að bjóða sig fram gegn Hosni Mubarak forseta landsins í kosningum í september. Ekki er víst að el-Erian njóti stuðnings Bræðralagsins en starfsemi þess hefur verið bönnuð síðan 1954. Sjálfur situr el-Erian í fangelsi.

ALÞINGI

FUNDIR AFBODADIR

Enn er stefnt að því á Alþingi að afgreiða fyrir þinglok frumvarp um breytingar á lögum um samkeppni, lög um Ríkisútvarpið og vatnalög. Í gær var hins vegar í tvígang afboðaður fundur í menntamálanefnd Alþingis þar sem ræða átti lög um Ríkisútvarpið, en stefnt er að því að halda fund í nefndinni um málið á morgun, mánudag.


VEÐRIÐ Í DAG

HLÝNAR NYRDRA Á MORGUN


Loksins má segja að þeir norðanmenn fái lítið eitt skaplegri hita en verið hefur. Með minnkandi norðlægum áttum skriður hitinn uppá við, en þó ekki almennilega fyrr en á morgun. **FER ÞÁ EKKI AÐ RIGNA Í BORGinni?** Sá böggull fylgir oft skammrifi að þegar hann hættir að anda af norðri og snýr sér til mildari átta, þykknar oftast upp syðra og oft með vætu. Framan af degi ætti þó að verða hið skaplegasta veður í borginni en síðdegis, jú, væta!!!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur


Um hádegi



Á morgun



Þriðjudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	13°C skúrir	Paris	15°C hálfskýjað
Osló	13°C skúrir	Berlín	12°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Amsterdam	10°C hálfskýjað
Helsinki	12°C hálfskýjað	Madrid	27°C léttskýjað
London	14°C hálfskýjað	Barcelona	21°C léttskýjað
Alicante	27°C heiðskirt	Milano	18°C léttskýjað
New York	17°C skýjað	San Francisco	17°C skúrir
Orlando/Florida	29°C léttskýjað		

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Þökkum áhugann!

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma þakka mikinn áhuga á auglýstum sumarstörfum. Tæplega 700 sóttu um 160 störf og þar af leiðandi voru margir sem fengu synjun. Við óskum þeim öllum velfarnaðar!



Starfsfólk og stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.



Mæðradagsvendir á frábæru verði!

Rósavöndur

999 kr.



Gott verð á garðplöntum

Sýpris 100 sm **799 kr.**



Margarita

599 kr.



MÆÐRADAGUR

í dag



Garðáburður

5 kg **399 kr.**

Frábær alhliða áburður fyrir blómabeð, matjurtir, tré, runna og gras.

Sérblandaður fyrir Blómaval



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is



KJÖRKASSINN

Lastu Bláðið í gær?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](http://www.visir.is)

Já	55,8%
Nei	44,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með þróun Úrvalsíðunnar?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://www.visir.is) og segðu þína skoðun



Laugarneshverfi:

Nágrannar skemmta sér

HÁTIÐ Íbúar Laugarneshverfisins í Reykjavík koma saman í dag á milli klukkan tvö og fjögur í og við Laugarneskirkju undir kjörordinu „Laugarnes á ljúfum nótum!“ í þriðju vorhátið hverfisins.

„Þetta snýst um að efla félagsauðinn í okkar góða hverfi. Þetta er í raun yfirlýsing hverfisbúa um að vera samferða í lífinu og raunverulegir nágrannar,“ segir séra Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju. Þorvaldur Gylfason flytjur dægurperlu, bílskúrssveitir hverfisins halda tónleika í safnaðarheimilinu, auk þess sem keppt verður í



BÚA TIL REIÐHJÓLAÞRAUTIR Krakkar úr Laugarneshverfinu útbjuggu í gær reiðhjólþrautir fyrir vorhátiðna sem hefst í dag.

hjólastóla- og reiðhjólalalli. Einnig verða útileikir, skákaskoranir og íþróttasýningar. Þá verður á svæð-

inu hoppkastali og boðin andslitsmálning, lögreglan sýnir farartæki sín og ræðir við börnin. -fb

Marburg-veiran:

Enn smitast Angólamenn

GENE, AP Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO skoðar nú hvort verið geti að lækni og hjúkrunarfræðingur í Angóla hafi smitast af hinni óhugnanlegu Marburg-veiru. Grunur leikur á að smit hafi átt sér stað þegar fólk fékk á sig blóð úr sýktum manni en það var ekki í viðeigandi hlífðarfátnaði. Talsmenn WHO segja það mikið áhyggjuefni að heilbrigðisstarfsmenn smitist.

Marburg-veiran smitast með líkamsvesum og engin lækning er til við banyæni veikinni sem hún veldur. Á síðustu vikum hefur WHO skráð 308 tilfelli í Angóla, í 277 þeirra hefur sjúklingurinn látist. ■

Lögreglurassía:

Barnaklám upptækt

PARÍS, AP Lögreglusveitir í átta Evrópulöndum leituðu í vikunni á heimilum yfir hundrað manna sem grunaðir eru um að hafa skipst á barnaklámmyndum. Notaður var sérstakur búnaður til að fylgjast með internetnotkun manna. Mun þetta hafa verið í fyrsta sinn sem slíki tækni er beitt í þessum tilgangi og þótti það gefa góða raun.

Á föstudag hafði franska lögreglan hneppt tuttugu manns í varðhald og lagt hald á hátt í fimm þúsund barnaklámmyndir.

Einnig var leit að hjá meintum brotamönnum og niðingum í Svíþjóð, Ítalíu, Danmörku, Póllandi, Noregi, Moltu og Hollandi.

Lögreglusamstarfið er undir hatti Evrópusambandsins enda um mikla samhæfingu milli lögregluliða að ræða.

Evrópusambandið segir að búast megi við að ráðist verði í fleiri slík verkefni á næstunni. ■

LÍBANON

SEX SLASAST Í SPRENGINGU Sex manns slósuðust í sprengjutræði við verslunarmiðstöð í hafnarbænum Jounieh í Líbanon í fyrrakvöld.

Bærinn er í kristna hluta landsins en í mars dóu þrír í sprengingu þar. Róstu-samt hefur verið í Líbanon síðan Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, var ráðinn af dögum 14. febrúar.



PAKISTAN

SPRENGT GEGN KVÍKMYNDUM

Sprenging í verslunargötu í pakistanska bænum Miran Shah olli skemmdum á tíu búðum snemma morguns í fyrradag. Enginn slasaðist þó. Nokkrum dögum áður hafði verið hótað að sprengja sprengju í verslunargötunni ef búðirnar hættu ekki sölu sjónvarps- og myndbandstækja.

Yfirvöld hafa hugleitt að loka landinu

Nefnd ríkisstjórnarinnar stýrir viðbúnaði vegna nýs heimsfaraldursinflúensu. Hugleitt hefur verið að „loka landinu,“ en slíkt er þó talið erfitt í framkvæmd. Viðbúnaður heilbrigðisyfirvalda miðast við að smit berist hingað.

HEILBRIGÐISMÁL Nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar vinnur að undirbúningi og stýrir samstarfi vegna hættunnar á heimsfaraldri inflúensu. Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir þennan hátt hafðan á, því nýr inflúensufaraldur myndi snerta öll svið samfélagsins. Hann segir sóttvarnir þó eftir sem áður á ábyrgð sóttvarnalæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Nefndinni stýra Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu og formaður framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis.

Haraldur segir stöðugt unnið að endurskoðun viðbúnaðaráttunnar vegna hættunnar á nýjum flensufaraldri, enda kalli hún á eilífur endurskoðanir í ljósi nýrra upplýsinga, en fylgt verði alþjóðlegum tilmælum WHO um viðbrögð. „Þar er fylgt ákveðnu ferli sem miðast við skilgreind viðbragðsstig,“ segir hann, en meðal þess sem rætt hefur verið er hvort tími gæti unnist til að „loka landinu“ ef upp kæmi nýr flensustofn annars staðar í heiminum. „Almennt er talið að þjóðir heims geti ekki varið sig með þeim hætti í heimsfaraldri inflúensu vegna þess hve smitandi hún er og samgöngur eru hraðar í nútíma samfélagi,“ segir Haraldur, en bætir við að fræðilega sé þetta þó kostur fyrir eyrki á borð við Ísland, en afar erfitt í framkvæmd.



HARALDUR BRIEM Sóttvarnalæknir segir viðbúnað yfirvalda vegna nýs heimsfaraldursinflúensu miðaðan við að flensa berist inn í landið. WHO hefur hvatt aðildarríki sín til að huga að viðbúnaði og fyrirbyggjandi aðgerðum því áhrif faraldurs verði mikil.

„Hvernig eigum við að bregðast við gagnvart þeim tugum þúsunda Íslendinga sem eru erlendis á hverjum tíma? Þeir landið langvarandi stöðvun á öllum aðföngum frá útlöndum? Þetta er vandamál sem þarf að huga vel að því búast má við að dragi mjög úr ferðamennsku og innflutningi í heimsfaraldri inflúensu. Við þurfum með öðrum orðum að búa okkur undir það með hvaða hætti við bregðumst við þegar inflúensan er komin til landsins,“ segir hann,

en í því felst meðal annars að meta þarf þörf landsins fyrir aðgang að lyfjum sem vitað er að vinna á inflúensu og að tryggja aðgang að þeim. Þegar er hafin hjá lyfjafyrirtækjum þróun á mögulegu bóluefni við nýjum inflúensustofni, en Haraldur hefur ekki trú á að slíkt efni verði til í upphafi heimsfaraldurs. „En virir standa til að hægt verði að stytta biðtímann frá fjórum til sex þúsundum í um það bil tvo mánuði.“ olibr@frettabladid.is

www.verkhi.is

VERKFRÆÐI

- Hugbúnaðarverkfræði
- Tölvunarfræði
- Tölvuverkfræði
- Rafmagnsverkfræði
- Vélaverkfræði
- Iðnaðarverkfræði
- Efnaverkfræði
- Byggingarverkfræði
- Umhverfisverkfræði

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKOLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð á www.hi.is

Sátt um ríkisstjórn þrátt fyrir ofbeldi í landinu:

Blóðug sprengjuárás

BAGDAD, AP Hryðjuverkamenn létu sem fyrr að sér kveða í Írak í gær en þá fórust 22 í tveimur bíl-sprengjuárásum í Bagdad. Áströlskum gísl hefur verið hótað lífláti kalli Ástralir ekki hersveitir sínar heim á næstu dögum.

Sprengjuárásirnar tvær áttu sér stað á Tahrir-torgi í miðborg Bagdad en þar er jafnan saman kominn talsverður fólksfjöldi til að versla. 22 fórust í sprengingunni, þar af tveir Bandaríkjamenn en auk þess slósuðust 35 manns. Á meðal hinna særðu voru telpur á leið í skólann. Bílar og hús eyðilögðust í sprengingunni, sum urðu eldi að bráð.

Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra tilkynnti í gær að sátt hefði náðst um það hverjir settust í þá fimm ráðherrastóla sem eftir átti að skipa í, svo og um embætti varaforsætisráðherranna tveggja. Óstaðfestar fregnir herma að súnníinn Saadoun al-Duleimi verði



Í **HALDI MANNRÆNINGJA** Al-Jazeera birti í gær myndir af ástralska gíslinum. Hárið hafði verið rakað af höfði hans og hann barinn.

varnarmálaráðherra en sjáinn Ibrahim Bahr al-Uloum verður olíumálaráðherra.

Sjónvarpsstöðin Al-Jazeera sýndi í gær myndir af ástralska gíslinum Douglas Wood. Uppreisnarmenn miðuðu að honum byssum og sögðu að Ástralir fengju 72 klukkustunda frest til að kalla herlið sitt heim frá Írak. ■

MJANMAR

11 FARAST Í SPRENGINGU 11 manns týndu lífi og 162 særðust í þremur sprengjutræðum í Yangon, höfuðborg Mjanmar í gær. Sprengingarnar áttu sér stað nánast samtímis á fjölförnum stöðum í borginni. Herföngingastjórnin kenndi þegar í stað þjóðfrelsisbaráttuhópnum um tilræðin en enginn hefur þó lýst ábyrgð á hendur sér.

LÖGREGLUFRETTIR

HRAÐAKSTUR Á REYKJANESBRAUT Tveir ökumenn voru stöðvaðir vegna hraðaksturs á Reykjanesbraut í gær. Mældust þeir báðir á 112 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði var 90.

BÍLL HAFNAÐI Á TIMBURHÚSI Mannlaus bifreið rann um fimm-tíu metra á timburhúsi á Vesturbraut í Keflavík skömmu fyrir hádegi í gær. Að sögn lögreglunnar í Keflavík urðu nokkrar skemmdir bæði á bifreiðinni og húsinu.

ACCORD

HONDA
The Power of Dreams

Kraftmikill fjölskyldubíll



Sport sjálfskiptur, 16" álfelgur, 155 hö, 4ra dyra: **2.470.000** kr.

Verðlaun

Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com
Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine
Hagkvæmstu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice
18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver
Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com

→ Vel búinn Accord Comfort 2.0i, 155 hö - á Honda-góðu verði frá

2.190.000 kr.

22.195 á mánuði*



Honda Accord er einstakur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, "heimsins bestu fjölskyldubíll", "bestu kaupin" og "einn af tíu bestu bílum" eru titlar sem hann ber með stíl. Hannaður með virðingu fyrir persónulegum kröfum hvers og eins til þess að þú upplifir askturseiginleika sem þú gleymir ekki. Undir straumlínulöguðu yfirborðinu leynist feiknakraftur og hátækniýjungar sem hafa þróast á kappakstursbrautum heimsins. Þú getur bókað að Honda Accord uppfyllir hvert smáatriði sem þú felur honum við stýrið og lætur fara vel um þig og alla fjölskylduna.

Honda Accord er frábært dæmi um Honda áreiðanleika á Honda-góðu verði.

honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

* Blásamningur Lýsingar - 30% ímborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

HEM & HO / SIA

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Íslendingar eiga enn mesta knattspyrnumann í Englandi, þar sem hörðust og mest keppnin er.

Englandsmeistarinn

Það var sætt að horf á Eið Smára Guðjohnsen lyfta Englandsmeistaratitlinum. Afrek hans er persónulegur sigur fyrir hann og um leið stórsigur fyrir alla Íslendinga. Eflaust hefur hann unnið meira íþróttafrek en nokkur annar Íslendingur. Sigrar Ásgeirs Sigurvínssonar og féлага hans í Stuttgart 1984 og síðar með Eyjólfri Sverrissyni í Þýskalandi voru sigrar á heimsmælikvarða. Sigrar sem glöddu alla íslensku þjóðina. En sigur í sterkustu íþróttadeild veraldar er svo mikill að hann slær öðru við.

Eiður Smári hefur oft verið gagnrýndur hér heima, hann hefur ekki þótt nógu duglegur á velli og fleira hefur verið fundið að leik hans. Hann hefur sigrast á allri gagnrýni, hefur eflst sem íþróttamaður og tekið ábyrgð, ábyrgð sem þeir einir bera sem til hennar vinna, en enginn fær án fórnar og án þess að vera fyrirmynd. Að verða Englandsmeistari er nokkuð sem marga dreymir um en aðeins örfáir njóta. Í hörðum heimi atvinnuþróttar þarf margt að fara saman svo glæsilegir sigrar vinnist. Svo er hjá Chelsea. Peninga hefur félagið, andinn í kringum í liði virðist vera til fyrirmyndar, stjórn á félaginu er greinilega trygg og stjórn liðsins einstök. Það er ekki vandalaust að hafa stjórn á þeim heimsstjörnum sem fótboltahetjur nútímans eru. Það hefur tekist hjá Chelsea. Ef það hefði ekki tekist, hefði félagið ekki sigrað í hörðust deild veraldar.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur ekki bara unnið sigur sem einn af leikmönnum Chelsea. Hann er meðal þeirra leikmanna sem léku hvað flesta leiki í vetur, hann er í hópi markahæstu leikmanna félagsins, framlag hans er meira en margra annarra, meira en flestra. Þrátt fyrir að leikmenn hafi verið keyptir til félagsins, leikmenn sem ætlað hefur verið að leiða leik þess, hefur ekkert bifað Íslendingnum í liði Englandsmeistaranna. Hann var fremstur leikmanna á vellinum þegar þurfti og skapandi leikstjórnandi þegar þess þurfti.

Íslenskir íþróttamenn eru að vinna til eða spila um ædstu verðlaun í sínum íþróttageinum víða um heim, eru að ná finnum árangri víða. Þeir eru að vinna glæsileg afrek og það er vel. Á engan þeirra er hallað þegar fullyrt er að afrek Eiðs Smára skyggir á allt annað. En sá skuggi er ekki kaldur og dimmur, hann er mjúkur og gerir engan minni sem þar er.

Eiður Smári Guðjohnsen virðist hafa það sem til þarf til að ná þeim mikla árangri sem hann hefur náð. Ómögulegt er að standa í fremstu röð íþróttamanna án þess að margt fari saman, svo sem hæfileikar, þrautseigja, þolinmæði og sennilega það sem mestu skiptir, auðmýkt. Eiður Smári talar alltaf af auðmýkt og virðingu fyrir þeim verkefnum sem hann stendur frammi fyrir. Það er þess vegna sem hann er fremstur íslenskra íþróttamanna og það er þess vegna sem hann er meðal fremstu knattspyrnumanna í liði Englandsmeistarara Chelsea. Íþróttamaður ársins er sómi sinnar þjóðar. ■

Aðferð sem virkar



Reynslusaga Ásmundar Stefánssonar af kolvetna-skertu mataræði. Hvernig hann léttist úr 120 kílóum í 80.

- Hvað er „vont“ og „gott“ kólesteról?
- Hvað má borða?
- Næringatöflur
- Sykurstuðull
- Uppskriftir

Það er ennþá tími til að grennast fyrir sumarið!

Ný og endurbætt útgáfa



FRÁ DEGI TIL DAGS

Vondur Moggi

Sigurgeir Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, fór mikinn á aðalfundi fyrirtækisins. Hann var ekki sáttur á sínum tíma þegar auðlindagjald var tekið upp í sjávarútvegi og því blóskrar honum andstaða þingmanna við að orkufyrirtæki greiði tekjuskatt.



Þetta varð honum tilefni til að rifja upp ákvörðun um auðlindagjald og þar beinir hann spjótum sínum að Morgunblaðinu. „Ég fullyrði

að þar hafa ýmsir fjölmiðlar beitt framsetningu fréttar og fréttaskýringa með þeim hætti að vart getur kallast fréttalutningur, miklu fremur áróður. Þá er ekki átt við leiðara blaða eða pistla á ábyrgð blaðamanna, sem er eðlilegur vettvangur skoðanaskipta, heldur sjálfa framsetningu fréttanna... Sá fjölmiðill sem beitti sér harðast fyrir þessari skattlagningu var Morgunblaðið. Þessir aðilar höfðu sitt fram.“

Fuss og svei

„Þessi fundur er vitnisburður um óöguð vinnu-



brögð ríkisstjórnarinnar,” sagði Ögmundur Jónasson þegar hann gagnrýndi Halldór Blöndal, forseta Alþingis, og aðra stjórnarliða fyrir það hvernig staðið skal að þingstórfum rétt undir þinglok. Fleiri stjórnarandstæðingar tóku undir með honum og voru ósáttir við að ekki væri enn orðið ljóst hvernig þinglok yrðu og hvaða mál ætti að afgreiða áður en þingmenn færu heim. Umræða sem þessi virðist spretta upp oftast þegar dregr að þinglokum, þegar álagið eykst og afgreiða þarf mörg mál á miklum hraða. Þá ku það hafa farið fyrir brjóstið á sumum þingmönnum að þingfundur skyldi haldinn í gær, laugardag, þegar ekki var gert ráð fyrir þingfundi samkvæmt áætlun.

brynjolfur@frettabladid.is

TÍÐARANDINN

Tregðan í samfélaginu

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Segjum sem svo að við séum komin til Lundúna. Ekki ónýtt að taka neðanjarðarlestina inn á Charing Cross og vippa sér þaðan upp á hótelið, henda sér sem snöggvast í rúmið, en taka svo upp úr tóskunum. Ganga loks niður í anddyri og kíkja fyrir horn, gá að næstu kjörbúð og koma þaðan hlaðinn allskyns nauðsynjum, svo sem hnetum og vatni, jafnvel nýjum tannbursta. Spyrja svo næsta mann á horninu: „Excuse me, but can you point me in the direction of the next alcohol state monopoly?“

Maðurinn myndi náttúrlega kvá.

Alcohol state monopoly? Say again? Blessunarlega eiga svona orðaskipti sér ekki stað í Englandi. Þeirra þarf ekki með. Og reyndar í fæstum þeim löndum sem Íslendingar sækja mest og best á ferðalögum sínum um lönd og höf.

Í útlöndum kaupa Íslendingar bjórinn sinn og rauðvínið í næstu búð. Og finnst það dásamlegt, svona nokkurn veginn eins og það á að vera í öbrjáluðum heimi.

Það tók nokkurn veginn mannsaldur að berjast fyrir þeim óskaplegu forréttindum að fá að drekka bjór á Íslandi. Án þess að hafna í tukthúsi. Svo eru liðin fimmtán ár. Samkvæmt sömu tregðu samfélagsins mun ég varla lifa þau sjálf-sögðu mannréttindi að fá náðarsamlegast að kaupa borðvínið mitt úti í Nóatúni.

Kaupmanninum er ekki treystandi til þess.

Og því síður mér. Og helst á ég að skammast mín fyrir það að fara á afvikinn stað og kaupa vinsullið mitt í verslun ríkis og þjóðar. Af því einfaldlega að það er engum öðrum treystandi til að selja þessa löglegu neysluvöru, öðrum en almættinu. Einstaklingur er nefnilega ekki treystandi, ekki á Íslandi.

Ég man reyndar þá tíð þegar fyrstu ferðirnar voru farnar í ríkið í mínu lífi. Þá stóðu kommar í anddyrinu og seldu Marx og Engels. Og innandyra biðu brúnaþungir afgreiðslumenn á bak við ílangt borð, þess albúinir að hrifsa nafnskrirteinið úr höndum manns. Og svo spurðu þeir hvað maður vildi – og settu síðan allt saman í svo svartan og dimman poka að ekki fór á milli mála að maður átti að skammast sín. Farandi í ríkið, þetta ungur maðurinn!

Íslendingar eru ekki komnir



„Það tók nokkurn veginn mannsaldur að berjast fyrir þeim óskaplegu forréttindum að fá að drekka bjór á Íslandi. Án þess að hafna í tukthúsi. Svo eru liðin fimmtán ár. Samkvæmt sömu tregðu samfélagsins mun ég varla lifa þau sjálf-sögðu mannréttindi að fá náðarsamlegast að kaupa borðvínið mitt úti í Nóatúni.“

lengra á þróunarbrautinni en svo að þeir þurfa að kaupa mat á einum stað og drykkina á öðrum, helst í öðru hverfi. Ríkið meinar þeim að haga sér eins og menn; það telur sig enn þurfa að hafa vit fyrir fullorðnu fólki – og einhvers staðar lengst inni í kimum þessa sama ríkis hvílir eflaust sú samankramda hugsun hvort hleypa eigi þessu fólki til útlanda þar sem það getur keypt sér bjór og bayonne-skinku á sama stað.

Samt hafa feður frjálshyggjunnar stjórnað Fróni í fjórtán ár.

En kannski er hún ekki svo frjáls.

Sem er önnur saga. Svo er þessu öllu blandað saman í löggjöf sem á stundum stenst ekki raunveruleikann. Eitt gleggsta dæmi þess er sjötti kafli áfengislaganna frá 1998 sem bannar Íslendingum að auglýsa áfengi, algenga drykkjavöru á borðum landsmanna. Fáeinir menn hafa verið dæmdir fyrir að brjóta þessa hæpnu

lagagrein, gjarnan menn sem hafa af nokkurri hugsjón verið að reyna á lögin – og fengið bág fyrir. Viðleitni þessara manna ber að þakka, enda brýnt að fólk láti ekki löggjafarsamfunduna komast upp með skripaleik og rugla með sjálfsagðan rétt þess. Vitlaus löggjöf á að leiðrétta, ekki síst ef hún fer á svig við grundvallarréttindi. Fyrirnefnd löggjöf við áfengisauklýsingu stenst ekki jafnræðisreglu; það vita allir lærðir menn í þessum fræðum en fáir eru til að benda á vitleysuna, ef til vill sakir þess að ekki þykir fínt að auka frelsið í áfengisumræðunni. Algengt er reyndar að menn blindist af göfgi lagasetninga en í þessum efnum sem öðrum er hollt að opna augun öðru hverju.

Umædd áfengislag eru mikil fljótaskrift og því miður broslag á köflum. Í þeim er til dæmis að finna vissar undanþágur, jafn undarlega og það hljómar ef mið er tekið af göfugum tilgangi þeirra. Sú undanþága sem vekur einna mesta athygli er sú sem lýtur að „erlendum prentritum sem flutt eru til landsins“ en lögin heimila einmitt þeim ritum að auglýsa forboðna varninginn í öllum regnbogans litum en útskýra að öðru leyti ekki hvað sé „erlent“. Framkvæmdvaldið gengur jafnvel svo langt í leik sínum að þessum lögum að viðurkenna rétt sérstakra flugtímarita til að auglýsa áfenga drykki. Bara að þau séu bundin við flugvélar. Og eins má auglýsa bjór og blíðan snafs á íþróttaleikvöngum hérlendis ef verið er að varpa leiknum til útlanda. Að ekki sé talað um allar erlendu rásirnar sem reykja og drekka inni á heimilum landsmanna, en við hliðina á þessum sömu rásum eru aðrar íslenskar sem lúta allt öðrum lögmálum. Náttúrlega. Reglan er þessi: Ef það er íslenskt ... ja, þá er það bannað.

Íslendingar vaða tvískinnunginn upp að hnám til að þöknast viðurkenndum og værdarlegum sjónarmiðum í samfélagsumræðunni. Þeim finnst í lagi að auglýsa áfengi, svo fremi tímaritið sé á flugi, en ef það stendur í rekka á jörðu niðri varðar það við lög. Og það fer eftir því hvoru megin sama flugvél er að lenda hvort spyrja verður til vegar inn að næstu einkasölu ríkisins.

Þetta er barin þjóð sem hagar sér svona.

Og hlýðin.

Og það vorkennir henni ekki nokkur maður. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN: Skiftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Árið 1972 setti Hewlett-Packard á markað fyrstu viðskiptatölvuna, HP 3000.



Samvinna = árangur

8/10 Opin kerfi þjóna átta af tíu stærstu fyrirtækjum landsins*



Til árangurs með okkur!

Í 20 ár hafa Opin kerfi þjónað fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Einkunnarorð okkar eru þau sömu og stofnenda Hewlett-Packard: Samvinna og traust skila árangri. Hjá Opnum kerfum starfar fjöldi sérfræðinga sem vill starfa með þér og tryggja þannig hagkvæmustu og bestu lausnina fyrir þig og fyrirtækið þitt.

Sérfræðingar Opinna kerfa leggja ríka áherslu á að þú getir treyst tölvubúnaðinum og einbeitt þér að verkefnum þínum í starfi og náð hámarksárangri.

OPIN KERFI

www.ok.is / Sími 570 1000

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Salan á Smára smjörlíki hafði gengið illa um nokkurt skeið, nýr keppinautur hafði komið fram á sjónarsviðið, líklega smjörlíkisgerðin Svanur, og veruleg fjárhagsleg vandamál blöstu við Smára, ef ekki væri hægt að auka söluna. Ragnar, sem sá hvert stefndi að óbreyttu, fór niður í Ellingsen, keypti sér svefnpoka, tannbursta og rakvél og tók sér síðan far, á pokaplássi í lest, með strandferðaskipinu Súðinni í mánaðarsöluferð, hringinn í kringum landið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

UMSÓKNIR NÝNEMA Í HÁSKÓLA ÍSLANDS 2005-2006

Í Háskóla Íslands eru 11 deildir með um 80 mismunandi námsleiðum í grunnnámi. Allar deildirnar bjóða framahaldsnám til meistara- og doktorsprófs. Upplýsingar um nám við Háskóla Íslands er að finna í Kennsluskrá á www.hi.is.

Tekið verður við umsóknum nýnema í grunnnám til 5. júní. Sótt er um með rafrænni umsókn á vefsetri Háskólans, www.hi.is. Einnig er hægt að prenta út umsóknareyðublað af vefnum eða fá þau hjá Nemendaskrá í Aðalbyggingu Háskólans.

Umsóknum skal fylgja staðfest afrit af stúdentsprófskírteini. Umsækjendur sem sækja um á vefnum senda fylgigögn í pósti til Nemendaskrár Háskólans. Þeir sem ljúka stúdentsprófi í vor skila fylgigögnum jafnskjött og þau liggja fyrir. Umsóknarfrestur rennur út 5. júní 2005.

Afgreiðsla umsókna og staðfesting

Stefnt er að því að ljúka afgreiðslu umsókna fyrir 30. júní. Öllum umsóknum verður svarað. Þeim sem býðst skólavist verður sendur greiðsluseðill skrásetningargjalds kr. 45.000.

Inntökuskilyrði

Stúdentar sem hefja nám í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentspróf sé af bóknámsbraut, en deildir geta með samþykki háskólaráðs ákveðið að falla frá því skilyrði eða bundið aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning. Sjá nánar á www.hi.is.

Fjöldatakmörkun

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkrahjálfun verður 21.-22. júní 2005, sjá nánar sérstaka auglýsingu í dagblöðum og upplýsingar á heimasíðu læknadeilda www.hi.is/nam/laek. Í hjúkrunarfræðideild, tannlæknadeild og lifeindafraeði og geislafræði við læknadeild eru samkeppnispróf við lok haustmíssis í desember 2005. Fyrirvari er gerður um mögulega fjöldatakmörkun í fleiri greinum.

Háskóli Íslands – Nemendaskrá

Aðalbyggingu við Suðurgötu - 101 Reykjavík
Sími 525 4309 – nemskra@hi.is – www.hi.is
Opíð virka daga kl. 9-15.



Heimir Karls | Inga Lind

989
BYLGJAN

Ísland í bítið
Alla virka morgna kl. 7-9

Athafnir og hugsjón Ragnars í Smára

Ragnar í Smára var í senn hugsjónamaður menningar og lista og útsjónarsamur athafnamaður sem byggði upp fyrirtækið af mikilli hugkvæmni og dugnaði. Davíð Scheving Thorsteinsson, sem sjálfur hefur ekki alltaf farið troðnar slóðir, minnst læriföður og samstarfsmanns í yfir þrjá áratugi.

Athafnamaðurinn Ragnar Jónsson í Smára var goðsögn í lífanda lífi. Ragnar var menningarmaður og beitti sér af afli fyrir listum í landinu. Fyrir hans tilstuðlan komust listamenn til þroska sem ómögulegt er að segja hvort þeir hefðu náð ef manna eins og Ragnars í Smára hefði ekki notið við. Davíð Scheving Thorsteinsson var samstarfsmaður Ragnars í 34 ár í smjörlíkisgerð, en það var á smjörlíkisgerðinni sem Ragnar byggði viðskiptaveldi sitt. Davíð hélt á dögunum erindi hjá stofnun Sigurðar Nordal um Ragnar í Smára og brá þar upp mynd af athafnamanninum Ragnari í Smára.

Nýlega var sýnd í sjónvarpinu mynd um Ragnar og segir Davíð að sér hafi þótt þörf á að tala um þann Ragnar sem hann þekkti. „Sjónvarpsmyndin sem sýnd var fyrir skömmu, sem var ágæt útaf fyrir sig, sýndi mér ekki þann Ragnar sem ég þekkti og vann hjá í 34 ár.“

Kom ekki af sjálfu sér

Davíð segir að í myndinni hafi verið gefið í skyn að peningum hafi rignt yfir Ragnar alla ævi hans af sjálfu sér og að hlutverk hans hafi verið að dreifa þessari rigningu til fátækra listamanna. „Þetta er fjarri öllum sanni, því Ragnar var hörkuduglegur og hugmyndaríkur viðskiptajöfur sem átti og rak fjölda fyrirtækja og gerð sér mjög góða grein fyrir því að peningar eru afl þeirra hluta sem gera þarf.“

Davíð segir Ragnar hafa verið alinn upp við að umgangast fé með varúð. „Hann neitaði sér og sínum um margvíslega hluti sem öðrum þótti jafnvel þá, hvað þá nú á tímum þotuliðsins, sjálfsagt að veita sér.“

Davíð segir Ragnar hafa líkst öðru athafnaskáldi, Pálma í Hagkaupum, að því leyti að hvorugur undi sér sitjandi á stól inni á skrifstofu um lengri tíma. „Skrifstofa Pálma var gjarnan eitthvert kaffihús þar sem voru góðar servíettur til að skrifa á, en skrifstofa Ragnars var í Willy's jeppanum. Þar var friður og ró, enginn sími til að trufla og enginn sá



SKRIFSTOFAN Í JEPPANUM Stór hluti starfs Ragnars í Smára fór fram í Willy's jeppanum hans. Þar hitti hann menn og gekk frá samningum. Hér er hann þó í hefðbundnara skrifstofuumhverfi en því sem einkenndi starf þessa atorkusama frumherja í íslenskum iðnaði og menningarlífi.

við hvern hann var að tala í það og það skiptið. Það er gaman að ímynda sér til hvaða ráðs hann hefði gripið nú, þegar gemsar hafa tekið völdin í lífi fólks,” segir Davíð.

Söluferð í pokaplássi

Hann segir að þessi síður hans hafi orðið til þess að fólk hélt að hann hugsaði ekki um veraldlega hluti eins og að leggja sig allan fram við að bæta rekstur og hámarka arðsemi allra þeirra fyrirtækja sem hann átti hlut í. „Ekkert er eins fjarri sanni.“

Ragnar þurfti nefnilega að hafa fyrir því að afla peninga og var reiðubúinn að leggja á sig vinnu til þess að tryggja reksturinn. Davíð segir sögu því til staðfestingar: „Salan á Smára smjörlíki hafði gengið illa um nokkurt skeið, nýr keppinautur hafði komið fram á sjónarsviðið, líklega smjörlíkisgerðin Svanur, og veruleg fjárhagsleg vandamál blöstu við Smára, ef ekki væri hægt að

auka söluna. Ragnar, sem sá hvert stefndi að óbreyttu, fór niður í Ellingsen, keypti sér svefnpoka, tannbursta og rakvél og tók sér síðan far, á pokaplássi í lest, með strandferðaskipinu Súðinni í mánaðarsöluferð, hringinn í kringum landið.“ Davíð segir að sig minni að Ragnar hafi ekki getað látið Björgu Ellingsen, eigin konu sína, vita fyrir en skipið var komið inn í Breiðafjörð. „Hann heimsótti hvern einasta kaupfélagsstjóra og kaupmann á landsbyggðinni, seldi þessi ósköp af Smára smjörlíki, bjargaði fyrirtækinu og fékk marga tryggja viðskiptavinum í leiðinni.“

Davíð segir mörg dæmi um hugmyndaauðgi og útsjónarsemi Ragnars. Þessi hugmyndaauðgi birtist einnig í lausnum sem sneru að uppbyggingu íslensks menningarlífs sem var Ragnari hugleikin. „Þegar Loftleiðir hófu flug milli Bandaríkjanna og Evrópu sá Ragnar kjörrið tækifæri til að bæta menningarlífið á Íslandi. „Allir bestu hljóðfæraleikarar og söngvarar heims eru á sífelldum ferðalögum milli Evrópu og Bandaríkjanna,” sagði hann. „Hví ekki að fá þá til að millilenda hér og halda konserta fyrir okkur?“ Eitt er að fá hugmynd og annað að útfæra hana,” segir Davíð og bætir við að sér sé hulin ráðgáta hvernig Ragnari tókst að útfæra hana. „Eg held að engum nema Ragnari hefði tekist að koma þessu á koppinn.“

Listinn yfir listamenn sem komu á vegum Ragnars er ótrúlegur og enn í dag njóta íslenskir tónlistarunnendur þessa frumkvöðlastarfs Ragnars í Smára.

ÝMIS HEILRÆÐI RAGNARS

DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON RIFJAR UPP NOKKUR HEILRÆÐI

Gjafir „Maður á aldrei að gefa neitt nema það sem maður sér eftir að hafa gefið.“

Áföll „Þetta var nú verri sagan. Hvernig getum við grætt á þessu?“ Og viti menn, þegar við höfðum keyrt fram og til baka í jeppanum var oftast hægt að finna ráð til þess.

Stjórnun „Góður stjórnandi þarf að vera vinur starfsfólksins og styðja það og styrkja með öllum tiltækum ráðum, en hann þarf líka að geta dansað stríðsdans þegar þess er þörf.“

Myndlistin til fólksins

Davíð Scheving segir frá tilurð eftirprentana íslenskra úrvalsverka

Einn daginn kom Ragnar og sagði: „Komdu aðeins með mér út í bíl.“ Nú, við þangað auðvitað og þá kom eftirfarandi ræða: „Það eru svo ómurlegar plebbamyndir sem hanga á skrifstofum og kaffistofum og eyðileggja smekk fólks. Mér var að detta í hug ráð til að bæta úr þessu, gefa fólki tækifæri til að njóta þess besta í íslensku myndlist. Láta gera eftirprentanir af bestu íslensku málverkunum á vegum Helgafells, og selja þær síðan við vægu verði bæði á heimili og inn í fyrirtækin, þar sem

fólk er við vinnu sína. Heldur þú að það séu ekki góðir prentarar í Hollandi?“ (Við keyptum mikið af hráefni okkar þar.) „Getur þú ekki athugað þetta fyrir mig?“ Og það gerði ég.

Ég sagði síðan Ragnari frá því þegar ég þurfti að fara meðal annars til Amsterdam nokkrum mánuðum síðar. Ragnar sagðist mundu koma með fyrsta málverkið til mín áður en ég færi. Flogið var í þá daga frá Reykjavíkurlugvelli og ég bjó á Snorrabraut 85 við Miklartorg, sem þá var hringtorg.

Liðu nú dagarnir og ekki kom Ragnar, svo ég hnippti í hann. Hann lofaði bót og betrun, sagði:

„Kem með myndina áður en þú ferð.“ Ekki var myndin komin þegar við fórum að heiman en við þurftum að fara með dæturnar í pössun hjá afa og ömmu í Hafnarfirði. Þegar við keyrðum Miklartorg á leiðinni út á völlum sýndist mér eitthvað grátt standa úti á tröppum hjá mér, renndi við og viti menn, þar var þá Ásgrímsmynd komin, rúlluð inn í galvaniserað niðurfallsrör.

Þegar heim kom viku eða 10 dögum seinna spurði Ragnar: „Sástu myndina?“ Já. „Ég fór þarna fram hjá seinna um daginn, sá að myndin var horfin og var að vona að það hefði verið þú sem tókst hana.“



TVÖ STÓRMENNI Ragnar Jónsson í Smára og Halldór Kiljan Laxness. Bókaútgáfa Ragnars, Helgafell, gaf út verk skáldsins og margra góðskálda sem ekki nutu fullrar hylli samtíma síns. Ragnar lét sér annað um að koma listinni til fólksins.

Næstu árin lét Ragnar prenta 20 – 30 eftirprentanir af úrvalsmálverkum og seldi þær í tonna-

vís og græddi stórfé á þessari snjöllu hugmynd sinni

-hh

Bió fyrir tónlistarlíf

Rudolf Serkin, Adolf Busch, Fritz Kreisler. Dieter Fischer-Diskau, Gerard Sousey, Erling Blöndal Bengtson og svo má lengi telja. Listinn yfir þessa Íslandsvini í heimsklassa sígildrar tónlistar er langur. „Ragnar var alltaf sá sem tók á móti þessum gestum og annaðist þá nótt sem nýtan dag meðan þeir dvöldu hér og hann hélt sambandi við þá eftir að þeir voru farnir. Til gamans má geta þess að einn sonur Rudolfs Serkin heitir Ragnar.“

Ragnar í Smára beitti atorku sinni og hugmyndaauðgi að fleiri þáttum menningarlífsins. Tónlistarfélag Reykjavíkur naut krafta hans. Tónlistarskólinn í Reykjavík var til húsa í Hljómskálalanganum og í nýttkominni ævisögu Jónasar Ingimundarsonar píanóleikara segir frá fyrstu árum Tónlistarskólans. Jónas var nemandi Árna Kristjánssonar sem Ragnar fékk til starfa við skólann. Í Hljómskálalanganum kenndi Árni bæði í gúmmískóhlífum og frakka, því húsið var kalt og hriplekt. „Ragnari var því mikið í mun að byggja hús yfir Tónlistarskólann og hvernig fór hann að því?“ segir Davíð. „Hann keypti gamlan herbragga á Grímstaðarholtinu, fékk innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sýningarvél og því sem tilheyrði og breytti bragganum í bíó, Trípólíbíó. Fyrir gróðann af bíórekstrinum var hægt að fá fleiri lílstaðmenn til landsins, halda fleiri tónleika og síðast en ekki síst að byggja hús yfir Tónlistarskólann í Reykjavík og tryggja rekstur hans.“

Sælla að gefa en selja

Þegar horft er til nútímans þá segir Davíð að enginn komi í stað manns eins og Ragnars í Smára. Hann hafi verið goðsögn í lífanda lífi og fengið áorkað mörgu sem öðrum hefði verið ómögulegt, því margir voru tilbúnir að greiða götu hans. Fjölmarginir séu hins vegar að gera góða hluti. Davíð nefnir að mörg fyrirtæki séu dugleg við að styrkja ýmiss konar menningarstarfsemi. Afl einstaklinga skiptir líka miklu. „Jónas Ingimundarson fékk Davíð Oddsson til að kaupa almennilegan flygil til landsins og átti áreiðanlega stærri hlut í því en nokkurn grunar að Salurinn var byggður í Kópavogi.“ Hann nefnir einnig Háskólasjóðinn sem Burðarás skilaði til Háskólans á dögnum. Fyrirtæki sjá sér hag í slíku. „Auðvitað er ekkert sjálfsagðara en að menn hagnist á slíku, því þá sjá þeir sér hag í að styðja og styrkja fleiri og fleiri.“

Ragnar var í senn hugsjónamaður og athafnamaður. „Á langri ævi eignaðist Ragnar fágætt safn listaverka, og ég man þegar útlendur maður bauð Ragnari stórfé fyrir Kjarvalsmyndina Leikið að stráum. Fé sem Ragnar og Björg hefðu sannarlega getað notað til að létta lífið á efri árum,“ segir Davíð. Ragnar vildi ekki selja myndina. „En hvers vegna vildi Ragnar ekki selja myndina? Það var vegna þess að hann vildi gefa hana og þessi mynd er hluti af gjöf Ragnars og Bjargar til ASÍ, ef til vill stærstu gjöf sem gefin hefur verið á Íslandi.“

haffidi@frettabladid.is



Samvinnulífeyrissjóðurinn

Ársfundur Samvinnulífeyrissjóðsins
verður haldinn 27. maí, kl. 17:00, á Grand hóteli í Reykjavík

Upplýsingar um starfsemina 2004

Meginniðurstöður ársreiknings í milljónum króna

Efnahagsreikningur	Samtryggingardeildir					
	Stigadeild		Aldursháð deild		Séreignardeild	
	31.12.2004	31.12.2003	31.12.2004	31.12.2003	31.12.2004	31.12.2003
Verðbréf með breytilegum tekjum	7.028	4.825	733	407	477	282
Verðbréf með föstum tekjum	10.699	8.885	1.115	749	681	519
Veðlán	2.223	3.477	232	293	141	203
Aðrar fjárfestingar	292	314	30	26	19	18
	20.242	17.501	2.110	1.475	1.288	1.022
Kröfur	125	121	13	10	8	7
Annað	436	178	45	15	28	10
Skuldir	-11	-11	-1	-1	-1	-1
Eignir samtals	20.792	17.789	2.167	1.499	1.323	1.039

Eignir sjóðsins eru ávaxtaðar sameiginlega en hér er þeim skipt á deildir í hlutfalli við hreina eign deildanna.

Í árslok 2004 var hrein eign sjóðsins 24.282 milljónir króna en var 20.327 milljónir króna í lok 2003.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign	2004	2003	2004	2003	2004	2003
Iðgjöld	346	347	357	338	109	123
Lífeyrir	-862	-805	-9	-5	-34	-24
Fjárfestingartekjur	3.564	2.450	340	182	219	135
Fjárfestingargjöld	-22	-23	-5	-2	-2	-2
Rekstrarkostnaður	-23	-24	-14	-11	-7	-5
Hækkun á hreinni eign á árinu	3.003	1.945	668	502	284	227
Hrein eign frá fyrra ári	17.789	15.844	1.499	997	1.039	812
Hrein eign til greiðslu lífeyris	20.792	17.789	2.167	1.499	1.323	1.039

Samtals jókst hrein eign sjóðsins um 3.955 milljónir króna á árinu 2004 en um 2.675 milljónir króna árið 2003.

Heildariðgjöld ársins 2004 voru 812 milljónir króna en 808 milljónir króna árið 2003.

Lífeyrisskuldbindingar skv. úttekt tryggingarfræðings

	31.12.2004	31.12.2003	31.12.2004	31.12.2003	31.12.2004	31.12.2003
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	114	-95	366	321	0,5%	-0,5%
			19,5%	24,3%		
Eignir umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-1.060	-1.012	550	610	-4,0%	-4,1%
			6,9%	8,6%		

Skipting lífeyris í samtryggingardeildum

	2004	2003
Ellilífeyrir	69,3%	68,5%
Örorkulífeyrir	15,8%	15,9%
Makalífeyrir	14,2%	14,9%
Barnalífeyrir	0,7%	0,7%
	100,0%	100,0%

Kennitölur

	2004	2003	2004	2003	2004	2003
Hrein raunávöxtun (ársgrundvöllur)	15,5%	12,2%				
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	6,1%	5,6%				
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	7,9%	6,8%				
Eignir í íslenskum krónum	89,7%	97,3%				
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	10,3%	2,7%				
Fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu	1.206	1.331	3.254	3.297	3.231	3.641
Fjöldi lífeyrisþega	2.673	2.632	78	21	66	24
Kostnaður sem hlutfall af eignum	0,20%	0,21%				

Heildarfrjöldi greiðandi sjóðfélaga á árinu 2004: 4.460, þar af 3.231 í séreignardeild.

HARRY TRUMAN (1884-1972)
fæddist þennan dag.



„Vertu ávallt einlægur, jafnvel þótt þú
meinir það ekki.“

*Harry S. Truman var forseti Bandaríkjanna frá
1945 til 1953. Hann var demókrati og tók við
embætti af Franklin D. Roosevelt.*

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Sovétríkin sniðganga ólympíuleika

Sovétríkin ákveða að sniðganga Ólympíuleikana sem haldnir eru í Los Angeles á þessum degi árið 1984. Ákvörðunin var tilkynnt í sovéska sjónvarpinu og voru nokkrar ástæður nefndar. Í fyrsta lagi væru leikarnir orðnir of markaðsvæddir, í öðru lagi væri skortur á öryggisráðstöfunum og í þriðja lagi voru bandarísk stjórnvöld sökudóm um að nota leikana í pólitískum tilgangi. Þetta gerðist aðeins tólf vikum fyrir opunarhátíð leikanna og þótti mörgum líklegt að þetta væru viðbrögð Sovétríkjanna

við því að Bandaríkin sniðgengu Ólympíuleikana í Moskvu sem haldnir voru fjórum árum áður. Fyrir utan Rúmeníu tók öll austurblokkinn auk Kúbu þátt í að sniðganga leikana eða alls 14 lönd. Þrátt fyrir að 140 þjóðir hafi tekið þátt í leikunum, þar á meðal Kínverjar sem ekki höfðu tekið þátt síðan 1932, var nokkurt misvægi í leikunum. Enda vantaði mjög marga íþróttamenn á heimsmælikvarða. Bandaríkjamenn réðu því ríkjum á Ólympíuleikunum og unnu 83 gull í allt.



8. MAÍ 1984 Sovétríkin gagnrýndu hvað leikarnir væru markaðsvæddir.

MERKISATBURÐIR

- 1860** Kötlugos hefst en er lítið og hlýst lítið tjón af.
- 1894** Eimskipið Á. Ásgeirsson kemur til landsins. Þetta er fyrsta vélknúna millilandskipið í eigu Íslendinga.
- 1945** Eft er til hátíðarhalda til að fagna lokum stýrjaldarinnar í Evrópu.
- 1990** Tom Jones heldur tónleika á Hótel Íslandi.
- 2000** Alþingi samþykkir laga-breytingu sem felur í sér að samkynhneigðir fái rétt til stjúpættleiðinga
- 2000** Tate Modern listasafnið í London opnar dyr sínar blaðamönnum.

AFMÆLI

Hallur Hallsson blaðamaður er 54 ára.



Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari í fótbolta er fimmtugur.

Valgeir Skagfjörð leikari er 49 ára.

Kristján Viggósson leikari er 49 ára.

Ellen Kristjánsdóttir söngkona er 46 ára.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur er 44 ára.



Kristján Finnbogason knattspyrnumaður er 34 ára.

ANDLÁT

Eyjólfur Kristinn Lemann Alfreðsson, lést miðvikudaginn 27. apríl.

Jochum Magnússon, lést á Almenna sjúkrahúsinu í Malmö, Svíþjóð, sunnudaginn 1. maí.

Heiðar Albertsson, vélstjóri, Laugaland 3, Kópavogi, lést miðvikudaginn 4. maí.

Helgi Hermannsson, stýrimaður, Heiðarbraut 1c, Keflavík, lést miðvikudaginn 4. maí.

María Sigurðardóttir, Skálagerði 17, Reykjavík, lést miðvikudaginn 4. maí.

Faney G. Jónsdóttir, Böðvarsgötu 12, Borgarnesi, lést fimmtudaginn 5. maí.



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON Vesturfari sem kemur við sögu í sýningunni.

Íslenskir mormónar

Sýningin Fyrirheitna landið, sem segir frá ferðum fyrstu Vestur-Íslendinganna, var opnuð í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Í ár eru liðin 150 ár síðan fyrstu Íslendingarnir settust að í Vesturheimi, en það voru mormónar sem fluttu til Utah í Bandaríkjunum.

Flestir íslenskra vesturfara héldu til Kanada og vesturferðirnar eru yfirleitt tengdar tímabilinu 1790 til 1914. Sagan sem rakin er með sýningunni Fyrirheitna landið hefst fyrr eða um 1850 og varpar ljósi á trúarlegan grunn Mormónanna og gefur innsýn í það samfélag sem Íslendingarnir byggðu og urðu hluti af ytra. Sýningin var fyrst sett upp í Vesturfarasetrinu á Hofsósi árið 2000 en er nú löguð að sýningarsölum Þjóðmenningarhússins.

Hönnuður sýningarinnar er Árni Páll Jóhannsson og grafískur hönnuður er Áslaug Jónsdóttir.

Í sumar gengst Þjóðræknisfélag Íslendinga fyrir ferð til Utah en þá verða hátíðarhöld í tilefni af því að 150 eru liðin frá því að fyrstu Íslendingarnir settust þar að. ■



ÞÓR WHITEHEAD OG BERND WEGNER Þór og Wegner eru í fremsta flokki fræðimanna sem einbeita sér að sögu síðari heimsstyrjaldar. Þór er prófessor við Háskóla Íslands en Wegner við Helmut-Schmidt háskólann í Hamborg.

TÍMAMÓT: 60 ÁR LIÐIN FRÁ STRÍÐSLOKUM

Afstaða Íslendinga og ósigur Þjóðverja

Um þessar mundir eru liðin 60 ár frá lokum síðari heimsstyrjaldar og er þeirra tímamóta minnst víða um heim þessa helgi. Í tilefni þessa stendur hugvísindadeild Háskóla Íslands fyrir samkomu þar sem sagnfræðingarnir Þór Whitehead og Bernd Wegner flytja erindi.

Þýski sagnfræðingurinn Bernd Wegner ætlar að fjalla um það hvers vegna Þjóðverjar biðu ósigur í stríðinu. Wegner er prófessor í sagnfræði við Helmut Schmidt-

háskólann í Hamborg og einn af fremstu fræðimönnum Þýskalands á sviði hernaðarsögu. Bók hans um hersveitir SS-liðsins er talin undirstöðurit um það efni auk þess sem hann átti mikinn þátt í að rita sögu stríðsins á austurvígstöðvunum í stórri ritröð um síðari heimsstyrjöldina. Þá er hann formaður landsnefndar þýskra fræðimanna um sögu stríðsins. Hann flytur erindi sitt á ensku.

Þegar Wegner hefur lokið sér

af tekur Þór Whitehead til máls og flytur erindi sem nefnist *Hlutleysi, sérhagsmunir eða virk þátttaka*. Þar ætlar hann að reyna að bregða ljósi á það, hvað réði afstöðu Íslendinga í stríðinu. „Þetta er víðtæk spurning og ekkert eitt svar við henni“, segir Þór. „En ég skoða hvernig þessir þættir komu við sögu í afstöðu okkar og hvað varð ofan á. Allt þetta skipti máli og því var afstaða Íslands óráð á köflum og jafnvel mótsagnakennd.“

Þór segir það hafa verið ákveðna prófraun þegar bandamenn settu þau skilyrði fyrir þátttöku Íslendinga í stofnráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að þeir lýstu yfir stríði á hendur Þjóðverjum. „Íslendingar færðust undan því og það kom því enn fram að þeir voru ekki tilbúnir að varpa hlutleysinu algjörlega frá sér. Þetta snerist ekki aðeins um að fara ekki með vopnum gegn sigraðri þjóð heldur lágu líka ákveðin grundvallaratriði að baki. En það er alveg ljóst að þótt Íslendingar hafi verið að vissu leyti blendnir í afstöðu sinni studdi yfirgnæfandi meirihluti þeirra málsstað bandamanna.“

Sendiherrum ríkja bandamanna og Þýskalands hefur verið boðið á samkomuna sem fer fram í hátíðarsal Háskóla Ísland í aðalbyggingu og hefst klukkan 14. Allir eru velkomnir og í lok fyrirlestranna gefst gestum kostur á að spyrja framsögumennina spjörum um úr. ■



HERMENN Í REYKJAVÍK Hermenn bandamanna ganga eftir Hafnarstræti. Bretar hernámu Ísland 10. maí 1940 en Bandaríkjamenn leystu þá af hólmi árið 1941.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs fösturföður, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Svavars Gíslasonar

vörubilstjóra, frá Viðey.

Ellen Emilsdóttir
Svava Svavarsdóttir
Geir Svavarsson
Jóhannes Svavarsson
Esther Svavarsdóttir
afa- og langafabörn.

Jóhanna Svavarsdóttir

Jóhannes Björnsson



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

Eyjólfur Kristinn Lemann Alfreðsson

prentari

lést 27. apríl síðastliðinn.

Hann verður jarðsunginn mánudaginn 9. maí kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

Lilja Bóthildur Alfreðsdóttir
Haraldur Gunnar Borgfjörð
Margrét Ósklín Alfreðsdóttir
Grace Borgfjörð
og frændsystkini.

NÁM SAMHLIÐA STARFI



Skráningu fyrir næsta vetur lýkur 1. júní

Nú er rétti tíminn til að huga að skráningu í *Nám samhliða starfi* hjá Endurmenntun HÍ.

Námið, sem tekur tvö til þrjú misseri, er sérniðið að fólki sem vill geta stundað háskólanám með vinnu.

Fjölbreytt úrval námsleiða

- ✓ Mannauðsstjórnun
- einnig í fjarnámi - nýjung
- ✓ Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- nýtt námskeið
- ✓ Rekstrar- og viðskiptanám
- ✓ Sálgæslufræði
- ✓ Stjórnun og forysta í skólaumhverfi
- ✓ Stjórnun og rekstur fyrir sjálfstætt starfandi sérfræðinga
- ✓ Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

**Kynning á námskeiðum hjá
Endurmenntun HÍ 18. maí kl. 16.30.**

**Nánari upplýsingar og
umsóknir á endurmenntun.is
eða í síma 525 4444.**

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna





BLÓMASALINN RAGNAR MICHELSEN „Dag eftir dag fór ég í líkhúsið til að sjá og læra því húsbóndinn var með 92 prósent allrar útfararþjónustu í Stór-Kaupmannahöfn. Ég fýldi grön því nályktin var kæfandi en hann sagði mér að taka vindil og púa; sjálfur var hann alltaf með vindil í munnvikinu þótt hann væri að ganga frá líki í kistuna.“

Fyrirsæta í fylgd með dánnum

Peir eiga saman heimili, Guð og blómasalinn Ragnar Michelsen. Það er viðeigandi að staðurinn hefur verið nefndur Golgata, þótt tamari sé hann flestum sem Breiðholt. Ragnar býr sex hæðum nær himnaríki en margir, með útsýni eins og horft sé ofan af skýjunum. *Pórdís Lilja Gunnarsdóttir* saup kaffi í návist Ragnars, Biblíu og hins liðna í andrúminu.

STÓRA

SUMARBÚSTAÐABLAÐIÐ

ER KOMIÐ ÚT

Handbók húsbýggjandans fylgir með



Hús og hibýli – þinn lífstíll

Flestir sem komnir eru til vits og ára muna eftir Blómaskála Michelsens í Hveragerði, þar sem apar léku í bananatrjáum og páfagaukar ræddu við gesti og gangandi. Einmitt þar sleit Ragnar Michelsen barnsskónum, sonur Pauls Valdimars Michelsen, blómasala og frumbyggja í Hveragerði, sjálfur þriðji fæddi Hvergerðingurinn.

„Það var gaman á þessum árum í Hveragerði, allir þekktu alla og hjálpuðust að. Gróðurhús spruttu upp eins og gorkúlur og barnmargar fjölskyldur byggðu sér hús. Ég man eftir biðröðum eftir mjólk og strigaskóm, og desember þegar við krakkarnir vorum í öðrum hugarheimi vegna eplailms í loftinu. Pabbi vann aðra hvora helgi á Bessastöðum og frú Georgína Björnsson sendi okkur alltaf appelsínur og döðlur til að eiga á sunnudögum,“ segir Ragnar, sem frá blautu barnsbeini lék sér meðal blóma á milli þess sem hann hljóp út í móa til að tala við dáið fólk.

„Ég var á fjórða árinu þegar fólk fór að spyrja hvaða ósýnilega fólk ég væri að leika við, en sjálfur gerði ég engan mun á lifandi eða dánnum fyrr en ég var sjö ára,“ segir Ragnar, en dauðinn og hinir dánnum hafa fylgt honum lengi.

„Ég kynntist læknaíðlinum Einari frá Einarsstöðum fyrst sjö ára og þótti hann strax hlýr og góður þótt ég skildi ekki hví hann væri sífellt að taka utan um fólk, leggja hönd á líkama þess og tuldra með sjálfum sér, en þá var hann að biðja um lækningu í Jesú nafni. Þegar ég var fjórtán ára

kom svo Einar við í Blómaskálanum og sá að mér leið illa. Eftir þá heimsókn kenndi hann mér að beita orkunni og senda áfram til þurfandi og sjúkra.“

Vinsæll hjálpari

Ragnar er sjálfur mikils metinn hjálpari. Í kringum hann standa kassar af bréfum sem geyma fyrirbærir sem Íslendingar hafa lætt að honum í blómabúð hans í Lóuhólum frá 1983.

„Margir skilja eftir umslag á afgreiðsluborðinu, en aðrir tala við mig undir fjögur augu. Í handaryfirlagningu koma á hverju kvöldi allt að þrjár einstaklingar heim. Mín hjálp felst í að biðja til Guðs. Það er allt og sumt. Maður biður framliðna aldrei um hjálp, enda þeir ekki í aðstöðu til að hjálpa. Ég hef aldrei spáð fyrir fólki og gæti ekki hugsað mér skyggnilysingar. Gæti ekki fært slæmar fréttir af áföllum eða feigð sem stundum vofir yfir fólki,“ segir Ragnar sem þrátt fyrir að vera viðloðandi útfarir Íslendinga er að mestu hættur að fara sjálfur.

„Í jarðarförum er mikið af dánnum fólk og alltaf sá sem verið er að kveðja, eða allt þar til einn fjórði af útgöngunni er eftir. Það er bæninn sem leiðir sálina til hins æðra, en meðan á jarðarför stendur fylgjast þeir liðnu með þeim sem eftir lifa, leggja hönd á öxl þeirra sem syrgja og klappa þeim á kinn.“

Þegar faðir Ragnars fór í tvísýna skurðaðgerð eitt júníkvöld 2002 fór Ragnar heim af spítalanum og beið átekta.

„Úti var stafalogn og enginn

trekkur þegar ég kveikti á kerti heima. Korter í þrjú heyrir ég logann slokka þótt kertið væri ekki búið og korter í sjö hringir læknirinn til að segja mér að pabbi sé sofnaður. Ég spurði hvort hann hefði ekki skilið við korter í þrjú. Læknirinn játti því en undraðist hvernig ég gat vitað það. Ég sagði honum að pabbi hefði komið og látið mig vita meðan hjarta hans og innfyli lágu í skál á skurðarborðinu. Lækninum fannst ég taka þessu vel, en ég vissi hvað beið pabba eftir dauðann eins og hvað hefði beið hans á lífi; að vera lamaður frá hálsi, eins mikið dansfífl og hann var,“ segir Ragnar sem á unglingsaldri átti eftir að komast í mikið návígi við lífvana líkama og dauða er hann fór utan til náms í blómaskreytingum í Danmörku.

Gefandi líkviðgerðir

„Ég fór fjórtán ára með Gullfossi til Danmerkur með 175 krónum í vasanum. Á hádegi var ég kominn til Kaupmannahafnar og skömmu síðar til lærimeistarans Praeslers sem var stór og reffilegur, með cigar og axlabönd.“

„God dag, min ven. Nu begynd er det. Það er best að byrja á því versta,“ sagði hann og dreif mig með sér í líkhúsið. Það sem blasti við þar var afar óhugnanlegt og tók svo á mig að ég gat hvorki matast né sofið í heilan mánuð. Dag eftir dag fór ég í líkhúsið til að sjá og læra því Praesler var með 92 prósent allrar útfararþjónustu í Stór-Kaupmannahöfn. Ég fýldi grön því nályktin var kæfandi en hann sagði mér að taka vindil og púa; sjálfur var

hann alltaf með vindil í munnvikuinu þótt hann væri að ganga frá líki í kistuna.“

Fáeinum mánuðum síðar stóð Ragnar á Ráðhústorginu og beið eftir sporvagni.

„Þá ganga úr vagninum móðir og sex ára barn. Litla stúlkan hnýtur í tröppunum og lendir undir hjólum sporvagnsins sem klippir hana í tvennt. Ég gleymi aldrei angistarópunum þegar móðirin tók upp efri hluta barnsins, en þá hugsaði ég strax hvort eitthvað væri hægt að gera til að milda svona áfall. Ég hafði séð drukknada sjómenn og illa farin lík, og spurði húsbóndann hvort hægt væri að læra líkviðgerðir. Hann talaði þá við prófessor Busch sem kom oftsinnis til Íslands til að framkvæma heilaskurði, ásamt því að kenna íslenskum læknum. Prófessorinn unni öllu íslensku og vildi strax fá mig í nám til sín. Ég fór til hans tvisvar í viku í þrjú ár, lærði líffærafræði, að tengja æðakerfið og nota húð líkamans í andlitsviðgerðir, allt þar til hann taldi mig hæfan til að ganga frá líki og gera úr því múmíu, taka út heila, sprauta lík með formalíni og setja upp blóð- og magasýrutappa. Námið tók mikið á mig en ég átti Guð í hjarta mér sem ég bað á hverjum morgni um að loka á skyggigáfu mína en gefa mér styrk. Eftir útskriftarpróf hjá Busch átti það eftir að gefa mér mikla gleði að geta mildað sorg með þessum hætti.“

Tískumódel í átján ár

Í þessum mánuði eru 46 ár síðan Ragnar fékk sveinsbréf í blómaskreytingum, en hann bjó ytra í tvo áratugi utan nokkurra íslenskra sumra þegar hann kom heim til að vinna í Blómaskálanum.

„Á námsárunum fór ég oft inn á Lídó til að borða í leiðinni heim. Ég var grannvaxinn, dökkhærður, beinn í baki og vakti talsverða at-

hygli í framkomu. Dag einn kom þjónustustúlka með þau skilaboð að viss herramaður vildi tala við mig. Sá reyndist Holger Blomm, mesti tískukóngur Danaveldis sem sá um kjóla drottningar og allrar hirðarinnar. Blomm vildi vita hvort ég gæti hugsað mér að gerast fyrirsæta hjá honum því ég væri rétta týpan fyrir fatnað hans. Upp frá því hófst átján ára velfarnaðarstarf í módelstörfum um allan heim þar sem ég sýndi á tískusýningum og sat fyrir í tiskubæklingum. Sem betur fer voru Blomm og húsbóndinn saman í spilaklúbb, svo úr varð samkomulag um að þeir borguðu mér fyrir þá daga sem ég vann hjá hvorum, en fyrir módelstörf fékk ég þrisvar sinnum meira en lærlingspeningana, auk spennandi ferðalaga,“ segir Ragnar brosmildur og sjá má skínandi demant í gylltri augntönn hans. Demant sem hann í forsjálni keypti í Argentínu, meðan önnur módel sátu uppi með verðlausa dollara við heimkomu.

Með kóngum og páfum

Eftir sveinspróf í Kaupmannahöfn var Ragnar sendur sem blómaskreytir til dönsku hirðarinnar, þar sem hann vann fyrir kóngafólkið í tæp fjögur ár.

„Ég kynntist þeim öllum persónulega og kóngafólkið hið eðalborna er yndislegt fólk, náttúrulegt og manneskjulegt. Hins vegar voru ýmsir af borgaralegum ættum sem giftust inn í konungsfjölskylduna bæði hrokafullir og andstyggilegir, og summa klagði ég í Friðrik kóng sem tók vel á málunum. Prinsessurnar voru yndislegar. Margrét Þórhildur gáskafull í Riddarasalnu meðan ég var að skreyta, Anna María feimin og hlédræg og Benedikta veik af sykursýki, en ávallt reffileg,“ segir Ragnar sem átti styttri en merkileg kynni af nýja páfanum þegar hann sýndi fót fyrir



Á FYRIRSÆTUÁRUNUM Þessi mynd var tekin af Ragnari árið 1975, þegar hann var í heimsókn á Íslandi.

tískukónginn Valentino í Rómaborg.

„Eftir góða sölu var haldin mikil veisla og helsta frammáfolki og kirkjunnar mönnum boðið. Ratzinger sniglaðist um í hvítu hempu þegar ég varð fyrir því óláni að hella yfir hann fullu kampavinsglasi. Hann tók því vel. Var ekkert nema elskulegheitin.“

Lukkunnar pamfill

Ragnar flutti heim 1980 þegar móðir hans fékk úrskurð um þrjá mánuði ólifaða.

„Þá vildi pabbi selja Blómaskálan og þótti fréttæmt. Albert Guðmundsson og bankastjórar héldu það vegna peningaskorts og vildu hjálpa, en Albert var mjög hliðhollur atvinnurekstri á landsbyggðinni. Mamma lifði til 1988. Við ætluðum sko alls ekki að flytja í blokk né í Breiðholtið og alls ekki að opna blómabúð aftur,“ segir Ragnar hlæjandi því hann hefur búið í sömu blokkinni við Krummahóla síðustu 25 árin og rekið blómabúð í Hólagarði síðan 1983.

„Fyrsta mánuðinn vann ég í Facó og hef aldrei unnið jafn tilgangslausa vinnu og að selja gallabuxur, kynnast snobblíðinu og lána stelpum vaselín til að koma buxunum upp um sig. Ég sá fljótt auglýst eftir leiðbeinendum í fönður á Kleppi og fékk. Það var þakklátasta starf í heimi, en ég lenti í slæmu bílslysi 1993 og varð að hætta. Síðan 1994 hef ég alfarið starfað hér í blómabúðinni,“ segir Ragnar sem enn er stórtækur í útfaraskreytingum, þótt umsvif hans hafi minnkað í líksnyrtingum síðustu fjögur árin.

„Ég snyrti ef fólk biður mig sérstaklega, en er orðinn meyrari en áður og kominn á þann aldur að þekkja fleiri sem farnir eru heim. Ég á líka orðið erfiðara með að takast á við svípleg dauðsföll ungs fólks, eins og um verslunarmannahelgina þegar börnin úr Breiðholti létust í flugslysi og bílslysum; öll heimgangar úr búðinni hjá mér sem jafnan hefur verið eins og félagsmiðstöð unglinga í Breiðholti. Þá fannst mér Guð vera vondur,“ segir Ragnar og tár blikar í augum hans.

Hann segist aldrei vera einmana þótt honum líki einvera, því hann eigi Guð í hjartanu. Hann fari út á meðal fólks þegar hann langi til, og heima er nóg að sýsla. Ragnar á fágæta en fala safngripi, eins og eiginhandarátitanir Fischers og Spasskis á sama blaði úr Blómaskálanum frá 1972 og gestabók Blómaskálans með konunglegum áritunum, ásamt skáldsögum, ljóðum og ævisögu föður hans, bréfum og dagbókum í kassavís.

„Jú, víst hef ég verið lukkunnar pamfill í lífinu, en ævisaga mín verður ekki skrifuð,“ segir hann ákveðinn en glaður í bragði, sem er synd því ævidagar Ragnars hljóma flestir eins og litríkt ævintýri.

GÖTUMARKAÐUR

opið í dag 12-18

Allt á 500 eða 900 kr.

**MERKJAVARA
Á ÖTRÚLEGU VERÐI**

DKNY	4YOU
DIESEL	EVERLAST
LEVI'S	FILA
INWEAR	STUDIO NY
FCUK	GERARD DAREL
TARK	IMITZ
WRANGLER	SAINT TROPEZ
LEE	KOOKAI
MATINIQUE	MORGAN

ÞRIÐJA HVER FLÍK FRÍ !!!

(ÞÚ KAUPIR TVÆR FLÍKUR OG FÆRÐ ÞRIÐJU FRÍTT)

**ATH.
MIKIÐ ÚRVAL
AF SKÓM**

**PYLSA OG PEPSI
FYLGJA MED
HVERJUM KAUPUM**

+ OUTLET 10 + + +

merki fyrir minna

merki fyrir minna

OUTLET 10

FAXAFENI 10

s. 533 1710

Alþjóðlegt yfirbragð á miðbæ Akureyrar

Draumkennd vetrarlýsing, sjávarsíki og sólrík og skjólgóð svæði munu gera miðbæ Akureyrar einstakan á Íslandi. Tólf fjársterk fyrirtæki hafa gefið Akureyrarbæ gjöf að andvirði tugmilljóna sem komandi kynslóðir munu njóta.



ALÞJÓÐLEGT YFIRBRAGÐ Síkið tengir sjóinn og miðbæinn en svæðið verður skjólgott og sólríkt.

Í gær voru veitt verðlaun í Alþjóðlegri hugmyndasamkeppni um uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri. Sigurvegarar í keppninni urðu Skotarnir Graeme Massie og Steve Beaty og hlutu þeir 40 þúsund evrur í sigurverðlaun. Fjórir ungir arkitektar frá Póllandi hlutu annað sæti og 30 þúsund evrur í verðlaunafé en hugmyndir frá Þýskalandi og Írlandi deildu þriðja sætinu og 16 þúsund evrum. Þar að auki keyptu aðstandendur keppinnar tvær tillögur til viðbótar, á 360 þúsund krónur hvora tillögu, og 12 hugmyndir þóttu athygliverðar og fengu viðurkenningu sem slíkar.

Helsti hvatamaður að verkefninu var Ragnar Sverrisson, kaupmaður í JMJ á Akureyri, en verkefnið ber heitið Akureyri í öndvegi. Ráðgjafafyrirtækið Alta kom að verkefninu strax í upphafi en það var fjármagnað af 12 fjársterkum fyrirtækjum með starfsemi á Akureyri og var kostnaðurinn um 40 milljónir króna.

Alls barst 151 tillaga í hugmyndasamkeppnina, frá 39 löndum, en þar af voru fjórar tillögur ógildar sökum formgalla.

Samhliða verðlaunaafhendingunni í gær var Akureyrarbæ formlega afhent verkefnið. Á næstu mánuðum munu bæjaryfirvöld, í samráði við tillöguhöfunda, vinna úr þeim sex tillögum sem keyptar voru og móta eina sem verður grunnurinn að nýjum miðbæ á Akureyri.

Verðlaunahugmyndin

Vinningstillagan miðar að því að efla mannlíf og byggð í núverandi miðbæjarkjarna. Höfundarnir telja blandaða starfsemi lykilaríði varðandi eflingu miðbæjarins en þar eiga Akureyringar að geta búið, unnið og fundið afþreyingu, auk þess sem miðbærinn á að laða að ferðamenn. Frumleg og lit-skrúðug lýsing mun setja sterkan svip á miðbæinn og gera bæjarlíf og byggingar að sifreytilegum umhverfislistaverkum. Ekki er gert ráð fyrir neinum áberandi háreistum byggingum í miðbænum ef undan er skilinn útsýnisturn.

Til að endurheimta þau nánú tengsl sem miðbærinn og Pollurinn höfðu fyrir tíma landfyllinga er sett fram hugmynd um síki að

danskri fyrirmynd, eins konar Nýhöfn, sem grafin verður inn í uppfillinguna frá Torfunefi allt að Hafnarstræti. Við þetta skapast nýtt rými í miðbænum sem liggur vel við sól, nýtur skjóls í norðanátt og tengir og opnar sjónlínu milli miðbæjarins og Pollsins. Síkið er hugsað sem ný og mikilvæg eining í bæjarmyndinni, sérkenni Akureyrar og einstakt fyrirbæri í íslenskum bæ. Síkið mun rjúfa Glerárgötu og í tillögunni er gert ráð fyrir að götunni verði lyft og hún þrengd til að takmarka umferðarhraða. Hægt verður að ganga undir Glerárgötu, meðfram bökkum síkisins, og þannig skapast tenging á milli miðbæjarins og fyrirhugaðs menningarhúss við sjávarsíðuna. Veitingastaðir og kaffihús, beggja vegna síkisins, munu draga saman bæjarbúa og ferðamenn.

Gert er ráð fyrir að rífa þurfi tvö eða þrjú hús sem fyrir eru á svæðinu, til að koma síkinu fyrir, en með tilkomu þess skapast verðmæt svæði á bökkum síkisins þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum með bílageymslum í kjöllurum.

Á svo kölluðum Sjallareit er gert ráð fyrir verslunarmiðstöð með bifreiðastæðum á þaki og lögd er áhersla á tengingar miðbæjarins við aðra hluta bæjarins með göngu- og reiðhjólástígum sem liggja munu um gróðri þrýdda almennings- og útivistargarða.

Næstu skref

Myndaður hefur verið fjögurra manna stýrihópur sem mun fara yfir verðlaunatillögurnar og þær tillögur sem keyptar voru. Í stýrihópnum sitja Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Pétur H. Ármannsson arkitekt, Guðmundur Jóhannsson, formaður umhverfisráðs Akureyrar, og Halldóra Hreggviðsdóttir, verkfræðingur hjá Alta, en hún mun stýra vinnu hópsins. Þessi hópur mun vinna nauðsynlega grunnvinnu og stefnt er á að taka til umfjöllunar í bæjarkefningu næsta haust fyrstu tillögur að rammaskipulagi fyrir miðbæinn. Fyrstu tillögur að nýju deiliskipulagi fyrir afmörkuð svæði í miðbænum gætu litið dagsins ljós öðru hvoru megin við næstu áramót, segir Kristján Þór.

kk@frettabladid.is



SIGURVEGARAR KEPPINNAR Skotarnir Graeme Massie og Steve Beaty hlutu 40 þúsund evrur í verðlaun.

Ætti ekki að vekja deilur

„Mér list afar vel á vinningshugmyndina en hún er í senn snjöll, einföld og raunhæf í framkvæmd og mætir vel þeim hugmyndum sem komu fram á fjölmennu íbúðingum síðast liðið haust. Vissulega eru alltaf einhverjar hindranir á vegi til úrbóta en þessi tillaga mun ekki leiða til mikils inngrips í umhverfi miðbæjarins. Því ætti að skapast þokkaleg sátt um þessa hugmynd og við munum kynna hana vel fyrir bæjarbúum.“



KRISTJÁN ÞÓR JÚLIUSSON Ég fagna þessu frábæra framtaki einka- aðila í bænum og fyrir hönd bæjarbúa vil ég þakka Akureyri í öndvegi fyrir þessa höfðinglegu gjöf sem bænum er færð,“ segir Kristján.

Peninganna virði

„Mér finnst vinningstillagan frábær og þar koma fram ný sjónarhorn sem komu mér skemmtilega á óvart. Tillagan leysir tvö helstu vandamál miðbæjarins sem er að veita skjól og hleypa sól inn í miðbæjarkjarnann. Ef hugmyndinni verður hrint í framkvæmd mun Akureyri fá alþjóðlegt yfirbragð. Þetta er nýtt, ferskt og framkvæmanlegt en oft koma fram hugmyndir í svona samkeppnum sem ekki er hægt að framkvæma. Baugur á aðild að mörgum fyrirtækjum og fasteignum á Akureyri sem okkur er í mun að haldi að minnsta kosti verðgildi sínu og ég held að þessi hugmynd geti orðið öllum á Akureyri til framdráttar. Þeim 40 milljónum sem verkefnið Akureyri í öndvegi kostaði var vel varið miðað við þær góðu hugmyndir sem komu út úr samkeppninni.“



JÓHANNES JÓNSSON

Vilja læra af Akureyringum

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans og formaður skipulags- og byggingarnefndar Reykjavíkurborgar, var viðstaddur verðlaunaafhendinguna í gær. Í þessari samkeppni hér á Akureyri tókst í fyrsta skipti á Íslandi að flétta samráðsferli við íbúana saman við faglega samkeppni. Því vilja borgaryfirvöld læra af Akureyringum og nota þessa samkeppni sem fyrirmynd að samkeppni um Vatnsmyrarsvæðið í Reykjavík sem haldin verður í haust. Bæjaryfirvöld á Akureyri fengu þetta ferli að gjöf frá einka- aðilum og út af fyrir sig er spennandi að sjá hvort einhverjar hafa áhuga á að koma inn í þetta með okkur varðandi Vatnsmyrina en ef ekki þá axla borgaryfirvöld þær byrðar glöð í bragði.



DAGUR B. EGGERTSSON



MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES



Frá **18.900** kr. á mán.*

LÝSING



Þeir sem koma í Renault reynsluakstur fá opinn bíómiða. Miðinn gildir á allar sýningar Laugarásbíó til 31. ágúst nk. Boðið gildir eins lengi og miðar endast.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



Með bílinn handa þér



DV ER ÁGENGUR FRÉTTAMIÐILL

Hver gerði hvað, hvar, hvenær, hvernig, hvers vegna og hvað svo?

SIÐASKRÁ DV

AUGLÝSENDUR

Hagsmunir auglýsenda eru ekki hafðir til hlíðsjónar við vinnslu og birtingu efnis í blaðinu.

BEIN RÆÐA

Bein ræða er aðeins notuð, þegar heimild er nafngreind. Fjölmíðill eða hluti hans telst heimild í þessu samhengi.

Ritstjóri getur ákveðið í sérstökum tilvikum að viðhalda nafnleynd viðmælanda, sem talað er við í beinni ræðu, ef öryggi hans er talið ógnað með nafnbirtingu.

Ummæli fólks í skoðanakönnunum mega birtast nafnlaus, enda eru nöfnin ekki þekkt.

Málfar viðmælanda er stundum lagað í beinni ræðu þeirra, en merkingu hennar ekki breytt.

BLEKKINGAR

Starfsmenn ritstjórnar villa ekki á sér heimildir, þegar þeir afla fréttu.

Blaðamenn DV kynna sig ávallt sem blaðamenn DV við fréttuafnun.

BRÉFSEFNI

Starfsmenn ritstjórnar nota ekki bréfs efni eða önnur einkenni blaðsins í óviðkomandi skyni.

BÖRN

Sérstök aðgát er viðhöfð, þegar myndir eru teknar af börnum eða talað við þau. Yfirmenn ritstjórnar eru látnir vita.

Sérstök áherzla er lögð á hagsmuni barna í kynferðisbrotamálum.

EFNISFLOKKUN

Greint er milli fréttu, skoðana og afþreyingar í blaðinu og efnið birt á mismunandi stöðum í blaðinu.

Skoðanir eru einkum birtar í fyrstu opnu blaðsins og stundum á næstsíðustu síðu þess.

Auglýsingar eru aðgreindar frá öðru efni blaðsins.

EINKAMÁL

Ekki eru birtar upplýsingar um persónulega einkahagi fólks á heimili þess, svo sem um viðkvæm atriði á borð við kynhegðun þess, lyfjanotkun, vímuefnanotkun og félagsleg vandamál, nema heimilið lendi í útistöðum við umhverfið eða fólk vilji sjálft skýra mál sitt á vegum fjölmiðla.

Mál utan heimilis eru opinber. Fjármál og fyrirtæki eru opinber.

FJÖLMÆLI

Starfsmenn ritstjórnar forðast efnistöð, sem stríða gegn lögum um fjölmæli.

FRÍFERÐIR

Starfsmenn ritstjórnar nota ekki ókeypis ferðir eða gistingu, ef því fylgja skuldbindingar.

Ef efni er birt í tengslum við ókeypis ferðir eða gistingu starfsmanna ritstjórnar, er sagt frá því í textanum.

Makar, fjölskylda eða vinir starfsmanna ritstjórnar fara ekki með þeim í ofangreindar fríferðir.

GAGNRÝNI

Ritstjórn DV svara gagnrýni á blaðið.

GJAFIR

Starfsmenn ritstjórnar þiggja ekki persónulegar gjafir og segja yfirmönnum frá tilraunum til þeirra.

GREIÐSLUR

DV greiðir ekki fyrir rétt til efnis nema viðurkenndum aðilum á því sviði, svo sem gagnrýnendum og dalkahöfundum.

DV greiðir fastar og auglýstar upphæðir fyrir fréttaskot.

HAGSMUNIR

Starfsmenn ritstjórnar láta yfirmenn vita um hugsanlega hagsmunaárekstra vegna áhugamála sinna, félagstengsla og fjármála.

Starfsmenn ritstjórnar nota ekki upplýsingar úr starfi í eiginhagsmunaskyni, t.d. til viðskipta með hlutabréf, og skrifa ekki um fyrirtæki, sem þeir eiga í.

Starfsmenn ritstjórnar geta ekki vinnustaðar síns til að afla sér betri þjónustu úti í bæ.

Starfsmenn og helztu aðstandendur þeirra eru ekki til umfjöllunar í blaðinu nema að sérstaklega gefnu tilefni.

Starfsmenn og helztu aðstandendur þeirra geta ekki unnið til verðlauna í leikjum á vegum blaðsins.

HEIMILDARMENN

Starfsmenn ritstjórnar geta trúnaðar við heimildarmenn.

Heimildarmenn eru hvattir til að koma fram undir nafni.

HLUTVERK

Starfsmenn ritstjórnar bera undir yfirmenn sína, ef þeir hafa áhuga á að taka að sér opinbert hlutverk, svo sem að stjórna fundum og vera falið að taka þátt í umræðu á fundum eða taka að sér önnur verkefni, sem gætu haft áhrif á starf þeirra á ritstjórn.

HÖFUNDARRÉTTUR

Orðréttra heimilda er jafnan getið.

LEIÐRÉTTINGAR

Efnislegar villur eru leiðréttaðar stuttarlega við fyrsta tækifæri, alltaf á sama stað í blaðinu.

Starfsmenn ritstjórnar láta yfirmenn sína vita af gagnrýni á texta blaðsins.

LJÓSMYNDIR

Breyttar og samsettar ljósmyndir eru sérstaklega auðkenndar sem slíkar.

MÁLFA

Texti blaðsins er skrifaður á góðri íslenzku, sem er skiljanleg öllum almenningi, en ekki á sérmáli stofnana eða stétta.

MEÐMÆLI

Starfsmenn ritstjórnar mæla ekki með vörum og þjónustu í auglýsingum.

MYNDBIRTINGAR

Sömu reglur gilda og um nafnbirtingar (sjá hér að neðan).

NAFNBIRTINGAR

DV birtir jafnan nöfn og myndir fólks, sem er í fréttum blaðsins, svo framarlaga sem blaðið kemst yfir þessar upplýsingar.

Undantekningar byggjast einkum á hagsmunum brotaþola. Ekki eru birt nöfn og myndir þolenda kynferðisbrota.

Ef fleiri en ein er höfuðpersóna fréttar, tengja myndatextar eða fyrirsagnir saman nöfn og myndir.

Ef fréttin er stutt og höfuðpersóna hennar er aðeins ein, þarf ekki myndatexta.

Stundum er frestað birtingu nafna um tíma, einkum fólks, sem látizt hefur óvænt. Þetta gerir blaðið í samráði við aðra aðila, sem koma að málinu.

Slík frestun birtingar kemur síður til greina, ef hún gæti valdið óþægindum hjá aðstandendum annarra, sem af komust í slysinu.

Ekki eru birt nöfn þolenda kynferðisbrota.

Ekki verður komið í veg fyrir, að þessar reglur skilji eftir grá svæði. Í slíkum tilvikum ræða yfirmenn á ritstjórn sín á milli, áður en ákvörðun er tekin.

NÁKVÆMNI

Starfsmenn ritstjórnar geta þess, að rétt sé farið með hvert smáatriði í blaðinu.

Starfsmenn ritstjórnar geta þess í öllum sínum verkum að efla traust lesenda á blaðinu og starfsfólki þess.

NÝBÚAR

Sérstök aðgát er höfð við að geta uppruna eða þjóðernis fólks, ef það varðar ekki málefni.

ORÐAVAL

Ekki eru notuð móðgandi orð eða blótsyrði utan beinnar ræðu nema málefnið kalli beinlínis á slíkt. Um slík atriði er rétt við yfirmenn ritstjórnar.

ÓHLUTDRÆGNI

Ekki er dreginn taumur málsaðila í fréttum.

Gætt er jafnvægis milli sjónarmiða innan skamms tímabils.

Ekki er skrúfað einhliða frá krana eins sjónarmiðs í einu tölublaði án þess að geta hinna sjónarmiða málsins í leiðinni.

RANNSÓKNIR

Hafa þarf tvo sjálfstæða heimildarmenn frá fyrstu hendi að sérhverri viðkvæmri frétt, sem fæst með aðferðum rannsóknarblaðamennsku.

Viðkomandi yfirvald getur talizt vera næg heimild, þótt það sé eitt til frásagnar. Það telst ekki vera heimildarmaður, sem ber frétt milli heimildarmanns og rannsóknarblaðamanns.

Viðkvæm er sú frétt, sem hlutaðeigendur reyna af einhverjum ástæðum að halda leyndum fyrir fjölmiðlum eða getur orðið tilefni málsóknar á hendur fjölmiðlinum eða starfsfólki hans.

Reglan nær ekki aðeins til fréttu, sem ætlunin er að halda leyndum yfirleitt, heldur líka til þeirra fréttu, sem ætlunin er að gefa frjálssar að ákveðnum umþóttunartíma liðnum.

RITSKOÐUN

Enginn fær send afrit af óbirtum fréttum.

Stundum eru kaflar lesnir upp fyrir fólk, þar sem vitnað er í það sjálft.

Ekki er aflað viðtals með því að gefa kost á ritskoðun viðtalsins.

SEGULBÖND

Starfsmenn ritstjórnar nota ekki leyndan hlerunarbúnað.

Viðtöl eru tekin upp á segulband til að tryggja nákvæmni í efni blaðsins.

SORG

Farið er varlega að því fólki, sem hefur orðið fyrir áfalli.





Langlífasta teiknimyndasería sögunnar

Bærinn Springfield er staðsettur einhvers staðar í Bandaríkjunum, gæti verið hvar sem er. Hann er þekktastur fyrir að vera heimabær Simpson-fjölskyldunnar. *Freyr Gígja Gunnarsson* brá sér bæjarleið og kynntist þessari heimspekku fjölskyldu.

Ef þú hefur ekki heyrt um Simpson-fjölskylduna, þá hefur þú búið í dimmum frumskógi þar sem ekkert útvarp eða sjónvarp var fyrir hendi. Þáttaröðin um gulu fjölskylduna er langlífasti gamanþátturinn sem framleiddur hefur verið og á sunnudaginn verður 350. þátturinn um fjölskylduna gulu sýndur í Bandaríkjunum. Þættirnir eiga sextán tímabil að baki og nú þegar hefur verið tryggt að þeir verði að í þrjú til viðbótar. Hómer, Marge, Bart, Lisa og Maggie eiga sér dyggan aðdáendahóp þar sem hver á sinn uppháldspátt og uppháldspersónu.

Sagan á bak við fjölskylduna

Það var árið 1989 sem framleiðandi Tracy Ullman-þáttarins, James L. Brooks, kom að máli við teiknarann Matt Groening og vildi að hann gerði stuttar teiknimyndir byggðar á myndasögum hans, *Life in Hell*. Groening varð hræddur um að missa eignarréttinn að persónum sínum og ákvað að búa til nýjar. Hann leitaði ekki langt yfir skammt og byggði þessa örþætti, sem hann kallaði *The Simpsons*, á blöndu minninga af fjölskyldu sinni og þeim fjölmörgu gamanþáttum sem hann ólst upp við á sjötta áratugnum.

Gekk Groening svo langt að hann nefndi aðalpersónurnar eftir fjölskyldumeðliminum (Groening er Bart).

Þegar fyrsti þátturinn var sýndur braust út algjört Simpsons-æði og á nánast einni nóttu var Simpson-fjölskyldan á allra manna vörum. „Aye Caramba“ varð nýtt orðatiltæki, fullorðnir

ríkjunum. Ennfremur eru þeir brautryðjendur hvað hlutverk teiknimynda varðar. Ef ekki hefði verið fyrir vinsældir þáttanna hefðu teiknimyndir eins og *Beavis and Butt-head*, *Family Guy* og *South Park* aldrei litið dagsins ljós.

Skýringarnar á vinsældum

LANGLÍFUSTU ÞÆTTIRNIR:

- 1) **Gunsmoke**: 20 ár og 633 þættir
- 2) **Ozzie og Harriet**: 14 ár og 435 þættir
- 3) **Simpson-fjölskyldan**: 16 ár og 350 þættir

karlmenn beittu fyrir sér „dáhi!“ Hómers og Bart-bolir voru seldir í bílförnum. George Bush eldri, þáverandi forseti, sá sér ekki annað fært en að beina því til Bandaríkjamanna að haga sér eins og Walton-fjölskyldan en ekki eins og Simpson-fjölskyldan.

Hvers vegna eru Simpsons svona vinsælir?

Þrátt fyrir að vera teiknimyndasería eru þættirnir langt frá því að vera gersneyddir gagnrýni, síður en svo. Þeir eru uppfullir af þjóðfélagsádeilu og hika ekki við að gagnrýna yfirvöld í Banda-



BART SIMPSON Varð hálfgerð súperstjarna á einni nóttu og krakkar um allan heim tóku upp orðaforða hans og háttalag

Simpsons eru nokkrar en fyrst og fremst hefur ástæðan verið fölginn í því að þættirnir hafa yfir endalaust mörgum möguleikum að búa. Aðrir vinsælir gamanþættir sem eiga að gerast í raunveruleikanum hafa fjarð út vegna takmarka sinna. Þannig skildi enginn hvernig svona fallett fólk gat verið á lausu í þáttaröðunum um Vini og þegar það hafði fundið ástina var þátturinn kominn að leiðarlökum.

Teiknimyndir bjóða upp á miklu fleiri möguleika en leiknar þáttaraðir. Hómer Simpson hefur farið til nánast allra staða í heiminum og hitt aragrúa af frægu fólki. Þar á meðal var hann þjónn hjá Alec Baldwin og Kim Basinger, fór og hitti yfirmann Quick Mart og í nýjustu seríunni hittir hann fyrir sjálfan Guð. Simpsons-þættirnir taka sig heldur ekki of alvarlega heldur gera óspart grín að sjálfum sér og markaðssetningunni í kringum þá.

Fólkið á bakvið Simpsons

Það er hefðin sem heldur Simpsons saman. Sexmenningarnir sem tala fyrir flest allar persónurnar í þáttunum eru enn þeir sömu og hófu störf fyrir sextán árum. Dan Castelloneta talar fyrir Hómer auk Krusty og fleiri. Julie

Kavner fékk Emmy verðlaun sem systurnar Marge, Patty og Selma Bouvier. Hank Azaria talar fyrir Moe, Apu og lögreglustjóran Wiggum. Harry Shearer talar fyrir Mr. Burns, Flanders og Nancy Cartwright talar fyrir Bart Simpson og fleiri. Það er er síðan Yearly Smith sem talar fyrir Lisu Simpson. Þá hefur ekki verið erfitt fyrir framleiðendurna að fá þekkt einstaklinga til þess að leika sjálfa sig og meðal þeirra sem hafa kíkt í heimsókn eru Tom Jones, David Duchovny og Gillian Anderson sem persónurnar úr *X-files*, Ringo Starr og sjálf Elisabeth Taylor hefur talað fyrir Maggie.

Simpson-þættirnir eru langt í frá að vera auðveldir í vinnslu. Það tekur um sex mánuði að vinna hvern þátt sem inniheldur yfir tuttugu og fjögur þúsund teikningar og kostar gerð hans um eina milljón bandaríkjadala, sem samsvorar sextíu og fjórum milljónum íslenskra króna og þrátt fyrir að vinsældir Simpsons hafi dalað skilar salan á varningi tengdum þáttunum um einum milljarði bandaríkjadala í kassann. Tíu milljónir áhorfenda horfa reglulega á þáttinn, sem gerir Simpsons að elskuðustu fjölskyldu í heiminum.

Tilboð maí 2005
ALTO hábrýstidælar á tilboðsverði

Opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

Tæki sem auðvelda vorverkin
ALTO hábrýstidælar

6.888 kr.
Nilfisk ALTO Compact
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 300 l/klst

15.888 kr.
Nilfisk ALTO Compact
Þrýstingur: 120 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst

28.888 kr.
Nilfisk ALTO Excellent
Þrýstingur: 135 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


Handrit og persónusköpun

Steinn Ármann Magnússon, leikari, er mikill Simpson-aðdáandi og horfir reglulega á þættina. „Ég held að ástæðan fyrir vinsældum Simpsons séu fyrst og fremst fölgningar í handritinu og persónusköpuninni. Þó að þessar einföldu teikningar séu alveg myndar þá eru leikararnir á bakvið raddirnar algjörir snillingar. Það er eins og persónurnar taki yfir, eins og hjá geðklofa,“ segir Steinn og kannast vel við þessa tilfinningu. „Þegar ég var að leika köttinn Kela eða Sigga sæta var eins og þær persónur tækju yfir, fengu allt í einu sinn eigin orðaforða. Maður man stundum bara ekkert eftir því að hafa leikið,“ segir Steinn og hlær. Hann er ekki í vafa um hver eftirlætispersónan hans er, það sé Hómer Simpson. „Hann er mannleg persóna, er svo gallaður og alltof feitur. Drekkur of mikinn bjór og er auk þess húðlátur.“ Þá þykir Steini Ármanni einnig vænt um trúðinn Krusty. „Kannski af því að það er ein fára persóna sem ég get hermt eftir og svo eigum við trúðshlutverkið sameiginlegt,“ segir Steinn í léttum dúr. „Eftirlætis þátturinn er þegar Hómer og

Bart tynast út í skógi og eru alls berir.“ Steinn segir Simpsons hafa haft mikil áhrif á húmorinn, kannski meiri en fólk gruni.



STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON
Hómer Simpson er tvímælalaust uppháldspersónan mín þó mér þyki líka vænt um trúðinn Krusty



GULA FJÖLSKYLDAN 16 ÁRA Bart, Maggie, Lisa, Marge og Hómer í kunnuglegum aðstæðum.

Simpson-fjölskyldan



Það munaði afar litlu að Ísland ætti þrjú lið í úrslitum annað árið í röð en eldra strákaliðið tapaði fyrir Finnum eftir að hafa unnið þrjú fyrstu leiki sína. Árangur íslenska liðsins hefur eins og í fyrra vakið mikla athygli enda hafa 11 af 16 leikjum unnist og í fyrsta sinn í sögu þessa fyrirkomulags Norðurlandamótsins náðu öll fjögur liðin að vinna leik á mótinu.

16 ára strákarnir voru menn dagsins en þeir unnu frábæran 29 stiga sigur á Finnum, 83-54, og unnu þar með alla fjóra leiki sína í riðlinum. Strákarnir máttu ekki tapa ef þeir ætluðu sér í úrslitaleikinn og Finnarnir áttu aldrei möguleika gegn vel spilandi og mjög einbeittu liði Íslands sem er til alls líklegt í úrslitaleiknum í dag. Hjörtur Hrafn Einarsson var magnaður og Rúnar Ingi Erlingsson stjórnaði leik liðsins af miklu



HAFI UNNIÐ ALLA LEIKINA Einar Árnir Jóhannsson, þjálfari 16 ára landsliðsins, sést hér gefa strákunum fyrirmæli. Einar og lærisveinar hans leika til úrslita á NM í dag.

öryggi og þá var Þröstur Jóhannsson líka sterkur.

18 ára stelpurnar voru þegar búnar að tryggja sér sætið í úrslitaleiknum fyrir síðasta leikinn en liðið vann öruggan 24 stiga sigur á Noregi í lokaleiknum. Þetta var þriðji sigur liðsins í röð sem mætir Svíum í úrslitaleiknum í

dag. Svíar unnu fyrri leik liðanna, 53-60, en hann fór fram fyrsta dag mótsins en síðan hafa stelpurnar verið að spila sig betur saman og Danir, Finnar og Norðmenn hafa allir legið í valnum. Allar fengu að spreyta sig gegn Norðmönnum,

Stelpurnar í 16 ára liðinu unnu sinn fyrsta sigur á mótinu þegar

þær unnu Norðmenn sannfærandi með 17 stiga mun. Íslensku stelpurnar hafa bætt sig með hverjum leik og þær fögnuðu vel í leikslök enda flestar að vinna sinn fyrsta sigur með landsliðinu og auk þess að tryggja sér sæti í leiknum um 3. sætið gegn Finnum í dag.

Einu vonbrigði dagsins var 21 stigs tap 18 ára strákanna fyrir Finnum en liðið mátti tapa með 15 stigum og samt komast í úrslitaleikinn. Íslenska liðið hafði unnið þrjú fyrstu leiki sína en strákarnir réðu illa við sterkt lið Finna sem lék frábærlega. Brynjar Þór Björnsson var nálægt því að skjóta íslenska liðinu inn í úrslitaleikinn með þremur þriggja stiga köfum á lokamínútunum en það dugði ekki til og strákarnir þurftu að sætta sig við sitt fyrsta tap á mótinu og Finnar komust í úrslitaleikinn þar sem þeir unnu með fleiri en 15 stigum.

Það verður gaman að fylgjast með gengi íslensku liðanna í úrslitaleikjunum í dag og nú er að sjá hvort fleiri Norðurlandsmeistarar titlar bætast við þrjú sem unnu svo eftirminnilega í fyrravor.

ooj@frettabladid.is

HYUNDAI
hefur gæðin

Bíll ársins

» Hyundai Tucson
Verð frá kr. 2.320.000



Hyundai Tucson CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.680.000

Bílasamningur kr. 35.900 á mánuði.
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is



Með bílinn handa þér

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílaskrá Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bílaleiga Húsavíkur sími 464 1888

Bíll á mynd: Hyundai Tucson 2.0 dísel, 18" álfegur, samlitur, krómpökki, krómsíslur og vindkljófasett.
*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 100.000 km. Greiðum úr þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

FYRSTA ÍSLENSKA ÍPRÓTTAAKADEMÍAN

Geir Sveinsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Íþróttakademíunnar sem verður ýtt úr vör í haust. Þetta er í fyrsta sinn á Íslandi sem akademía af þessu tagi lítur dagsins ljós og mikill áhugi er fyrir verkefninu nú þegar.

Í haust mun svokölluð Íþróttakademía hefja göngu sína í Reykjanesbæ. Akademían verður sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi en upphafsfolk hennar sótti fyrirmyndir m.a. til Norðurlandanna. Fram til þessa hafa áhugasamir um nám sem þetta leitað á náðir Íþróttaskólans á Laugarvatni sem og Kennaraháskólans en Íþróttakademían verður töluvert frábrugðin því sem þekktist þar.

Geir Sveinsson, fyrrum landsliðsmaður í handknattleik, er framkvæmdastjóri akademíunnar. „Um er að ræða fjölbreytta starfsemi,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið.

Í samvinnu við háskólann

„Fyrst bera að nefna samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og ÍAK þar sem verður farið í gang með íþróttakennaranám. Þar munu nemendur útskrifast á háskólastigi sem íþróttfræðingar með kennararéttindi. Námið er í samvinnu við Háskólann í Reykjavík en námið fer fram hjá okkur í húsnæði sem er verið að byggja í

Reykjanesbæ og verður tilbúið um miðjan ágúst. Í öðru lagi er utnumhald um fjarnám á háskólastigi í samvinnu við miðstöð símenntunar á Suðurnesjum,“ sagði Geir og bætti því við að fjarnám á háskólastigi ásamt ýmsum námskeiðum yrði í boði. „Þá ber einnig að nefna samstarf ÍAK og Fjölbrotarskóla Suðurnesja sem tengist afreksbraut til stúdentsprófs þar sem nemendur geta lagt stund á krefjandi framhaldsskólánám og ákveðnar íþróttgreinar,“ sagði Geir en til að byrja með verður boðið upp á golf, sund, fótbolta og körfubolta.


Spennandi dagskrá

Uppbygging þessarar afreksbrautar við FS verður sérlega aðgengileg fyrir íþróttafolk að sögn Geirs.

„Hugmyndin er að nemendur geta verið að æfa sína íþróttgrein tvisvar á dag. Í Íþróttakademíunni munu nemendurnir æfa frá 8 til 10 á morgnanna, alla daga vikunnar. Síðan er farið í skólann og náminu sinnt frá tíu til fjögur



FRAMKVÆMDASTJÓRINN KLÁR Í SLAGINN Hinn nýráðni framkvæmdastjóri Íþróttakademíunnar í Reykjanesbæ, er tilbúinn að takast á við verkefnið stóra. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



AFREKSMÁÐUR Geir Sveinsson var mikill afreksmaður í íþróttum, vann titla með Val og var fyrirliði íslenska handboltalandsliðsins til margra ára.

og að þeim tíma loknum þá geta þau farið til æfinga með sínum félagsliðum.

Þetta er auðvitað gert í samvinnu við það íþróttafélag sem hver og einn æfir hjá og reynt að tryggja sem best að viðkomandi einstaklingur sé að æfa sem réttast, hvort sem það varðar líkamsstyrk, tækniæfingar o.s.frv. Umsóknarfrestur rennur út um miðjan júní en að sögn Geirs verður valinn maður í hverju rúmi í leiðbeiningarstörfum Íþróttakademíunnar.

„Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari, sér um körfuboltann og Ingi Þór Einarsson verður sundmönnum innan handar. Þá verður golfið í höndum Brynjars Geirssonar og knattspyrnunemar njóta leiðsagnar Guðna Kjartanssonar.“

Góðar viðtökur

Hugmyndin að ÍAK sagði Geir að hafi kviknað hjá aðilum suður með sjó. „Áhuginn var kannski

fyrst og fremst sá að skapa eitt-hvert háskólaumhverfi á svæðinu. Niðurstaðan er þessi að menn sáu ákveðið sóknarfæri í íþróttageiranum og þá var farið í gang með þessa hugmynd og hún þróuð áfram.“

Mikill áhugi hefur þegar kviknað fyrir háskólanáminu en

„Núna munum við Íslendingar loksins eignast okkar eigin íþróttakademíu sem flestar aðrar þjóðir búa að.“

að sögn Geirs munu færri komast að en vilja. „Þetta er þriggja ára háskólanám og við munum taka inn 30-35 nemendur. Viðtökurnar hingað til hafa lofað mjög góðu og umsækjendur eru þegar orðnir um 30 talsins en umsóknarfrestur

rennur út 27. maí.“

Geir fullyrðir að aðstaðan í húsi Íþróttakademíunnar í Reykjanesbæ verði með besta móti. „Það er verið að byggja nýtt og glæsilegt húsnæði sem er 2700 fermetrar að flatarmáli. Háskólanámið hefst 22. ágúst en vísula hússin verður 2. september. Það er búið fullkomnum kennsluástandum sem og íþróttasal til æfinga og kennslu,“ sagði Geir með tilhlökkunarglampa í auga.

Meðal aðstandenda Íþróttakademíunnar ríkir mikil tilhlökkun fyrir að ýta verkinu úr vör. Geir er þar engin undantekning og fer ekki leynt með áhuga sinn fyrir akademíunni. „Þetta er gríðarlega flott dæmi og er það fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Það eru fjölmargir sem hafa spáð í þetta en enginn framkvæmt. Núna munum við Íslendingar loksins eignast okkar eigin Íþróttakademíu sem flestar aðrar þjóðir búa að,“ sagði Geir Sveinsson.

smari@frettabladid.is

Norðurlandamótið í júdó í TBR-húsinu í gær:

Sjö titlar hjá Íslendingunum

JÚDÓ Íslensku júdókeppendurnir gerðu það gott á Norðurlandamótiinu í júdó sem fór fram í TBR-húsinu í gær. Alls fögnuðu sjö íslenskir keppendur Norðurlandamtíli, þar af þrír í flokki 14-16 ára. Þar voru það þeir Birgir Örn Ómarsson (-73 kg), Jón Þór Þórarinnsson (-66 kg) og Örn Davíðsson (-81 kg). Hjá fullorðnum urðu Gígja Guðbrandsdóttir, JR (-70 kg), Þormóður Árni Jónsson, JR (+100 kg), Þorvaldur Blöndal, Ármanni (opinn flokkur) og Vignir Grétar Stefánsson (-81 kg) meistarar en sá síðastnefndi var að öð-

um ólöstuðum maður mótsins. Hann vann allar viðureignir sínar á ippon-kasti og vann úrslitabardagann á „kasti mótsins,“ eins og viðmælandi Fréttablaðsins hafði á orði.

Sérstakur heiðursgestur mótsins var Japaninn Kenzo Nakamura en hann er gullverðlaunahafi á Ólympíuleikunum í Atlanta 1996 og á HM í París ári síðar. Hann mun á morgun og á mánudag stýra æfingabúðum fyrir alla keppendur sem eru alls 112 talsins frá öllum Norðurlandabjóðum.

-esá



TEKID Á ÞVI Norðurlandamótið í júdó þóttist takast vel í alla staði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Við bjóðum

ÓDÝRT

Stálskápar en gott



Stálskápar fyrir vinnustaði
Stærð:
D: 50 cm
B: 30/40 cm
H: 180 cm

Verð frá
kr. 8.591,-
(Fyrsti skápar kr. 9.711,-)

UMBODS- OG HEILDVERSLUN
Stráumur
HÖFÐABAKKI 9 112 REYKJAVÍK
SÍMI: 544 5330 FAX: 544 5335
www.straumur.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

CHELSEA-CHARLTON	1-0
1-0 Claude Makelele (90).	
ASTON VILLA-MAN. CITY	1-2
0-1 Shaun Wright-Phillips (8), 0-2 Kiki Musampa (12.), 1-2 Juan Pablo Angel (61.).	
BLACKBURN-FULHAM	1-3
1-0 Lucas Neill (6.), 1-1 Steed Malbranque (20.), 1-2 Brian McBride (53.), 1-3 Steed Malbranque (77.).	
CRYSTAL PALACE-SOUTHAMPTON	2-2
1-0 Fitz Hall (34.), 1-1 Peter Crouch, víti (37.), 2-1 Nicola Ventola (72.), 2-2 Danny Higginbotham (90.).	
EVERTON-NEWCASTLE	2-0
1-0 David Weir (43.), 2-0 Tim Cahill (59.).	
MIDDLESBROUGH-TOTTENHAM	1-0
1-0 George Boateng (11.).	
NORWICH-BIRMINGHAM	1-0
1-0 Dean Ashton, víti (44.).	
PORTSMOUTH-BOLTON	1-1
0-1 El-Hadji Diouf (11.), 1-1 Aiyegbieni Yakubu (72.).	
MAN. UTD-WBA	1-1
1-0 Ryan Giggs (21.), 1-1 Robert Earnshaw, víti (62.).	

STADAN:

CHELSEA	36	28	7	1	68-13	91
ARSENAL	35	23	8	4	76-33	77
MAN. UTD	36	21	11	4	54-21	74
EVERTON	36	18	7	11	43-36	61
LIVERPOOL	36	16	7	13	49-37	55
BOLTON	37	15	10	12	46-42	55
MIDDLES.	37	14	12	11	52-45	54
MAN CITY	37	13	12	12	46-38	51
TOTTENH.	37	14	9	14	47-41	51
A.VILLA	37	12	11	14	44-50	47
CHARLTON	37	12	9	16	40-56	45
NEWCAST.	37	10	13	14	46-56	43
BIRMING.	37	10	12	15	38-45	42
BLACKBUR.	37	9	14	14	32-43	41
FULHAM	37	11	8	18	46-60	41
PORTSM.	37	10	9	18	43-57	39
NORWICH	37	7	12	18	42-71	33
SOTON	37	6	14	17	44-64	32
C.PALACE	37	7	11	19	39-60	31
WBA	37	5	16	16	34-61	31



HEITJA Danny Higginbotham hélt lífi í vönum Southampton með marki gegn Crystal Palace í uppbótartíma.



ENGLANDSMEISTARAR Það var mikil gleði á Stamford Bridge í gær þegar John Terry, fyrirlíði Chelsea, lyfti Englandsbikarum eftir 1-0 sigur gegn Charlton. Þetta var fyrsti meistaratilill Chelsea í 50 ár. Eíður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea og átti ágætan leik.

Þetta er bara byrjunin

Jose Morinho þjálfari Chelsea segir að enski meistaratilillinn sé upphafið á löngum og glæstum dýrðarkafli í sögu félagsins. Liðið fagnaði titlinum með sigri á Charlton þar sem Claude Makalele skoraði sigurmarkið á elleftu stundu við mikinn fögnuð félaga sinna. Southampton reddaði sér fyrir horn í botnslagnum gegn Crystal Palace og Norwich náði sér í afar dýrmæt stig með sigri á Birmingham. WBA nældi sér í baráttustig gegn Manchester United.

FÓTBOLTI „Ég veit að það höfðu ekki margir trú á að okkur tækist þetta í fyrstu tilraun, en okkur tókst það,“ sagði Jose Morinho sigurveifur eftir að John Terry fyrirlíði Chelsea hafði tekið við titlinum langsóttu. Var þetta í fyrsta sinn sem Chelsea vinnur deildina í hálfu öld og voru fagnaðarlætin eftir því. En Morinho er ekki búinn. „Við viljum meira. Ég hef náð að klófesta titilinn en nú vil ég vinna hann aftur. Þetta er upphafið, ekki endirinn.“

Leikurinn gegn Charlton var heldur tíðindalítil enda leikmenn Chelsea enn að jafna sig eftir tapið fyrir Liverpool. Þeir stóðu þó leikmenn Charlton af sér og áttu nokkur góð tækifæri. Eíður Smári Guðjohnsen lék allan tímann fyrir Chelsea og fékk nokkur góð marktækifæri. Sigurmarkið kom ekki fyrr en í blálokin þegar Jonathan Fortune virtist brjóta á Frank Lampard. Dómari leiksins, Mike Riley, dæmdi vítaskyrtu og Claude Makalele, sem lék í gær

sinn 93. leik fyrir Chelsea stillti sér á vítapunktinn. Hann lét að vísu verja frá sér en fylgdi vel á eftir og náði að koma boltanum í netið. Var honum gífurlega vel og lengi fagnað enda hans fyrsta mark fyrir félagið, þrátt fyrir að hafa verið einn besti maður liðsins í ár. Hermann Hreiðarsson lék ekki með Charlton í dag en hann á við meiðsli að stríða.

Everton í góðum málum

Í baráttunni um Meistaradeildarsætið tók Everton stórt skref í rétta átt með 2-0 sigri á Newcastle. Liverpool leikur í dag gegn Arsenal og verður að vinna í dag og í lokaumferðinni og um leið treysta á að Everton nái sér ekki í fleiri stig. Telst það nokkuð langsótt. „Þetta var frábær sigur,“ sagði David Moyes, stjóri Everton, eftir leikinn. „Við vitum að við erum í mjög góðri stöðu. Það væri gaman að geta fagnað fjórða sætinu en við bara getum ekki leyft okkur það enn þá því það er



BARA BYRJUNIN Jose Morinho er strax farninn að hugsa um næsta titil. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ekki enn í höfn.“

Í botnbaráttunni var háður stórslagur Crystal Palace og Southampton. Leikurinn var mjög harður, eins og vænta mátti, og lauk með 2-2 jafntefli eftir að Danny Higginbotham jafnaði fyrir Southampton í uppbótartíma. Peter Crouch og Gonzalo Sorondo lentu í slagsmálum og fengu að líta rauða spjaldið fyrir. Norwich kom sér upp úr fallsættunum með dýrmætum 1-0 sigri á Birmingham og WBA barðist til síðasta blóðdropa gegn Manchester United á Old Trafford og hafði eitt stig upp úr krafsinu. 2 stig skilur að liðin í fjórum neðstu sætum og er útlit fyrir gífurlega spennandi baráttu í lokaumferðinni um hið „eftirsóttu“ 17. sæti en engin af botnliðunum fjórum mætast þá innbyrðis.

Í öðrum leikjum gærdagsins vann Manchester City Aston Villa á útivelli, 2-1, og Blackburn tapaði heima fyrir Fulham, 3-1.

eirikurst@frettabladid.is

EINAR LOGI VIGNISSON: AC MILAN - JUVENTUS Á SAN SIRO

Fyrri úrslitaleikurinn á Ítalíu?

Mér er til efs að nokkur deildarkeppni hafi verið jafn sterk og sú ítalska var á þeirri miklu gullöld sem ríkti síðari hluta níunda áratugarins og fram yfir 1990. Þar öttu kappi Milan með Holland-ingatríði, Napoli með Maradona, Inter með þýska vinnukonutríðið, Juve leitt af Baggio og Sampdoria með Vialli og Mancini.

Þetta var sú Serie A sem íslenskir sjónvarpsáhorfendur kynntust fyrst og ítalskur fótbolti er miðaður við æ síðan. Og stenst vart ofurmannlegan sambarðinn og langt í að stigið verði í þá skó. Ítalir hafa þó verið drjúgir þann hálfan annan áratug sem liðinn er frá því að gullöldinni lauk óformlega og landað mörugum Evróputitlum. Fákeppnin hefur þó verið meiri en áður og síðustu 13 ár hafa AC Milan og Juve unnið 11 meistararitla.

Aðeins Rómaliðin tvö, AS Roma og SS Lazio, hafa skotist á milli þeirra og landað hvort einum skildi, „Scudetto“ eins og meistarategnin nefnist á ítölsku. Þrátt fyrir þessa miklu einokun risanna tveggja er það þó svo stórmærilegt að öll þessi ár hafa þau aldrei háð einvígi sín á milli um titilinn fyrr en þessa leiktíðina. Stuð á öðrum bænum hefur kallast á við óstuð á hinum og árin sem Rómaliðin skutust fram var það ýmist Milan eða Juve sem veitti þeim keppni en aldrei bæði í einu. Það þarf að leita nokkra áratugi aftur í tímann til að finna sambærilegt einvígi og ríkt hefur í vet-

ur þar sem liðin tylltu sér á topp deildarinnar strax í byrjun og hafa glímt hart æ síðan.

Hönd í hönd í allan vetur

Juventus hóf leiktíðina með miklum glæsibrag og óvæntum enda miklar breytingar þar á bæ síðasta sumar og áttu fæstir von á að Fabio Capello tækist jafn skjótt að koma saman liði líklegu til æðstu metorða. Juve stakk nánast af á kafla í haust á meðan Milan var í ströggli þótt stigin skiluðu sér í hús reglulega. En einhvernvegin áttu menn von á Milanistum sterkari í ljósi yfirburðisins í deildinni í fyrra og fjölmargir, þ.a.m. undirritaður, trúðu tæplega öðru en að Milan næði Juve fyrir rest og skriði síðan örugglega framúr. Milanmaskían hrökk vissulega í gang eftir áramót en Juve neitadi að gefa sig og liðin hafa leiðst hönd í hönd umferð eftir umferð. Eru fyrir innbyrðis viðureignina um helgina jöfn að stigum líkt og þau hafa verið nánast óslitli mánuðum saman. Markatalan nánast sú sama þótt hún skipti litlu því ítalskar reglur segja svo um að verði



tvö lið jöfn að stigum í mótslok skuli þau leika hreinan úrslitaleik um meistarategnina. Því gæti þessi óopinberi úrslitaleikur orðið sá fyrri af tveimur ef liðin enda jöfn eftir 38 umferðir. Það verður þó að teljast ólíklegt því liðin eiga býsna erfiða leiki eftir, gegn liðum sem berjast fyrir lífi sínu í deildinni og gegn liðum sem eru í baráttu um Evrópusæti.

Juve í fjölmiðlabanni

Bæði lið mæta til leiks með flesta sína sterkustu menn til tækja. Milan teflir fram nokkrum gömlum kempum í lykilstöðum og þær hafa vírst þreyttar í því mikla leikjaáli sem hefur ríkt undanfarið á meðan Juventus menn fengu spark í rassinn við tapið gegn Liverpool í Meistaradeildinni og hafa mætt tveíflidr til leiks. Forsvarsmenn liðsins hafa gripið til gamalkunnugra brellna við að þjappa mannskapnum saman. Staðhæfingin „Allir eru á móti okkur“ hefur glumið undanfarnar vikur. Telja Juventus menn eitthvert samsæri vera í gangi gegn þeim sem stjórnað sé af Milanmönnum í toppstöðum, allt frá forsætisráðherra Berlusconi og niður úr. Þannig kenna þeir sjónvarpsstöðum í eigu Berlusconi (eða undir óbeinni stjórn hans eins og ríkissjónvarpinu RAI) um að hafa beitt óþörfum endursýningum á olnbogaskoti Zlatans Ibrahimovic í leik gegn Inter þar til knattspyrnuvirkjöld urðu að bregðast við og dæma hann í þriggja

leikja bann. Myndbandið magnaða sem sýnir lyftöku Fabio Cannavaro og sýnt var í ítalska ríkissjónvarpinu í síðustu viku er svo angí af sama meíði, samsæri sumsd. Hafa allir leikmenn og þjálfarinn Capello ákveðið einhliða fjölmiðlabann og neita að láta hafa svo mikið sem eitt orð eftir sér um leikinn í dag sem óneitanlega skapar skrýtið ástand í landi þar sem gefin eru út fjölmörg dagblöð sem fjalla eingöngu um íþróttir. Blöðin reyna að sýna hlutleysi og forðast að vera máluð Milan-litum en ljóst er að þetta hefur farið þversum í ítalska sparkblaðamenn þótt flestir taki þessu sem hverjum öðrum brandara enda eitthvað svo dásamlega kómískt við það að Juventus, þetta tákn gamla valdakerfisins á Ítalíu, skuli svo mikið sem taka sér í munn orðið samsæri! Blöðin eru á því að leikurinn verði jafn en heimavöllurinn er með Milan, Juventus hefur ekki unnið þá á San Siro í 10 ár.





– besta sætið

AC MILAN JUVENTUS Í DAG KLUKKAN 12:50



ÚRSLITALEIKURINN Í ÍTALSKA BOLTANUM

515 6100 • syn.is • Skifan • Og Vodafone



KOMNAR Í BÚNINGINN Þær Anna Úrsula og Eva Margrét skelltu sér í búning Levanger HK eftir undirskriftina í gær og tóku sig bara vel út í nýju búningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Eva Margrét og Anna Úrsula til Noregs

„Þetta er einstakt tækfæri,“ segir Eva Margrét Kristinsdóttir en hún og félagi hennar í Gróttu/KR, Anna Úrsula Guðmundsdóttir, hafa skrifað undir eins árs samning við norska úrvalsdeildarliðið Levanger HK.

HANDBOLTI Handknattleiksstúlkurnar Eva Margrét Kristinsdóttir og Anna Úrsula Guðmundsdóttir skrifuðu í gær undir eins árs samning við norska úrvalsdeildarliðið Levanger HK, en liðið er staðsett rétt norður af Þrándheimi. Báðar koma þær úr Gróttu/KR þar sem þær hafa báðar leikið alla sína tíð (fyrst í KR).

„Levanger vann sér sæti í úrvalsdeildinni núna í vor eftir að hafa unnið umspilsleik við liðið sem hafnaði í þriðja neðsta sæti í úrvalsdeildinni með samtals 17 marka mun,“ segir Eva Margrét. „Þetta er ungt lið og efnilegt og er stefnan sett á að tryggja sig í sessi á meðal þeirra bestu á næsta ári.“

Þjálfari liðsins er hin sænska Mía Hermansson, sem var valin

besta handboltakona heims árið 1994. Hún fylgdist með íslenska U-21-landsliðinu sem tók þátt í opna Norðurlandmótinu í Svíþjóð í fyrra og kom þá auga á þær stóllur. Þegar ljóst varð að Levanger hafði tryggt sér sæti í úrvalsdeildinni setti hún sig í samband við Gróttu/KR og bauð Evu Margréti og Önnu Úrsölu samning.

Kom skemmtilega á óvart

„Þetta kom okkur skemmtilega á óvart,“ viðurkennir Eva Margrét. „Þetta er gott lið þar sem vel er staðið að öllum málum og þá er ekki heldur slæmt að fá að reyna sig með þeim bestu en deildin er ein af þeim betri í Evrópu.“

Búast má við að ef vel gengur hjá stúlkunum og liðinu næsta vetur verði þeim boðin framleng-

ing á samningnum. Norska deildin er skipuð atvinnumannaliðum og er þetta því einstakt tækfæri fyrir þær að geta einbeitt sér að íþróttinni.

„Eins á það eftir að hjálpa okkur mikið að við förum saman í þetta ævintýri. Við höfum spilað saman síðan við vorum sjö ára og erum miklar vinkonur. Við erum einnig báðar að taka stúdentsprófin okkar um þessar mundir og því kemur þetta tækfæri á góðum tímamarki.“

Þær eru báðar í ströngum próflestri þessa dagana en Eva Margrét er að útskrifast úr Verslunarskólanum en Anna Úrsula úr MR. „Fyrst þetta er komið í höfn getum við farið að einbeita okkur almennilega að prófunum.“

erikurst@frettabladid.is

Stoke City býið að losa sig við tvo fyrverandi leikmenn Víkings:

Palmer og Keogh báðir á lausu

FÓTBOLTI Þeir Jermaine Palmer og Richard Keogh, sem léku um tíma með liði Víkings í Landsbankadeildinni síðasta sumar, voru í gær leystir undan samningum sínum við Stoke City í Englandi ásamt einum leikmanni til viðbótar, Bandaríkjamanninum Jay Denny.

Premeningarnir, sem allir hafa verið lykilmenn í vara- og unglingsliði Stoke síðustu ár og Denny meðal annars verið fyrirliði liðanna undanfarin tvö ár, eru því í leit að nýju félagi og þar sem þeir fara á frjálsri sölu munu þeir ekki kosta krónu fyrir áhugasama. Þar sem þarna eru á ferð Íslandsvinir má leiða að því líkum að einhver áhugi á meðal íslenskra liða geri vart við sig.

Einhverjir knattspyrnuáhugamenn muna kannski eftir yfirlýsingum þeirra félaga í fyrra um að þeir gætu vel hugsað sér að koma aftur til Íslands í sumar og spila með liði í efstu deild. Þar eru Víkingar ekki í ár en má gera því skóna að forráðamenn einhverra liða í Landsbankadeildinni muni horfa hýrum augum til



FRJÁLSIR FERDA SINNA Keogh og Palmer lýstu í fyrra yfir áhuga á að snúa aftur til Íslands í sumar. Spurningin er hvort sá áhugi sé ennþá fyrir hendi.

þeirra Palmer og Keogh á næstu dögum, enda sýndu þeir það og sönnuðu með Víkingi í fyrra að

þeir eru leikmenn sem koma til með að styrkja hvaða hóp á Íslandi sem er.

- vg

LÍÐIÐ MITT > VIGGÓ SIGURÐSSON SETUR SAMAN LIÐ ÁRSINS Í DHL-DEILD KARLA



Þrjár Íslandsmeistarar í liði ársins

Markvörður: Birkir Ívar Guðmundsson, Haukum: Hann hefur spilað stöðugt í vetur og sífellt verið að bæta sig. Einn af lykilmönnum á bak við velgengni Haukaliðsins í vetur.

Línumaður: Vignir Svavarsson, Haukum: Búinn að vera frábær í vörn og sókn. Hefur átt sitt besta tímabil og höndlað fyrirliðastöðuna vel. Er í stöðugri sókn.


Vinstra horn: Baldvín Þorsteinsson, Val: Sívaxandi leikmaður og mjög öruggur. Góður hraðauppfallsmaður og kann greinilega líka eitthvað í körfu. Einnig fin vítaskytta og skemmtilegur leikmaður. Flinkur og gaman að horfa á hann spila.

Vinstri skytta: Títe Kalandadze, ÍBV: Hefur gjörbreytt ÍBV-liðinu og er líka frábær varnarmaður. Svona góðar skyttur sjást ekki á hverjum degi.

Miðjumaður: Heimir Örn Árnason, Val: Ótrúlega drjúgur leikmaður og fylginn sér. Ósérhlífinn og góður varnarmaður.

Hægri skytta: Árni Þór Sigtryggsson, Þór: Hefur spilað rosalega vel í vetur og haldið Þórliðinu á floti. Hefur verið mjög stöðugur allan veturinn.

Hægra horn: Þórir Ólafsson, Haukum: Hefur bætt sig mikið sem varnarmaður og skotnýting stráksins er frábær. Er með mikla og góða tækni. Klárlega framtíðarlandsliðsmaður.



„Þetta lið myndi ekki rúlla DHL-deildinni upp enda fjöldi sterkra manna fyrir utan liðið. Þessir leikmenn hafa samt skarað fram úr í vetur.“



BJÖRN VIÐAR Samdi til tveggja ára við Fylkismenn

Leikmannamál Fylkis:

Björn áfram og Tjalli til reynslu

FÓTBOLTI „Samningurinn er í höfn,“ sagði Ásgeir Ásgeirsson formaður meistaraflokksráðs Fylkis í samtali við Fréttablaðið eftir að Björn Viðar hafði skrifað undir nýjan tveggja ára samning við Árbæinga í gærmorgun. Björn Viðar hefur verið staddur í Bandaríkjunum í námi og var samningslaus en hugur hans lá fyrst og fremst til sinna heimaslóða en hann hefur alla sína tíð leikið með Fylki. „Ég held að ekkert annað hafi staðið til hjá honum,“ segir Ásgeir en vitað var um áhuga annarra liða í Landsbankadeildinni, til að mynda ÍA, á Birni.

„Við leggjum alltaf áherslu að halda í okkar menn ef metnaður leikmannsins er í góðu lagi. Björn Viðar kemur í góðu formi frá Bandaríkjunum en hann var þar á sínu fyrsta ári. Það liggur þó ekki ljóst fyrir hvort hann heldur aftur út í haust eða klárar sitt nám hér heima.“

Fylkismenn misstu fjóra sterka leikmenn úr sínum röðum eftir síðasta tímabil og er breiddin í leikmannahópnum ekki jafn mikil og áður hefur verið. En það stendur til bóta en í gær kom til landsins enskur miðvallarleikmaður að nafni Wayne Wilson og verður hann til reynslu hjá Fylki í eina viku. „Hann er samningslaus eins og stendur og því ekkert til fyrirstöðu að hann verði hjá okkur út tímabilið, kjósum við að gera samning við hann,“ segir Ásgeir en hinn tvítugi Wilson var áður á mála hjá Charlton. „Það var Hermann Hreiðarsson sem hafði milligöngu um þetta mál en ÍBV hafði afþakkað boð um að fá hann til reynslu. Við þurfum hins vegar að breikka hópinn okkar og ákváðum við því að slá til. Við verðum að hugsa um liðið sem heild og þurfum við að hafa einhvern liðtækan ef einhver skyldi detta úr hópnum,“ segir Ásgeir, fullur tilhlökkunar fyrir fótboltasumarið 2005. -esá



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um fasteignir og heimili á mánudögum í Fréttablaðinu.

FRÁ RIDLEY SCOTT LEIKSTJÓRA GLADIATOR



ORLANDO BLOOM KINGDOM OF HEAVEN HEIMSFUMSYND 4. MAÍ



VILTU BÍÓMIÐA Á 99KR?

SMS LEIKUR

Sendu SMS skeytið
JA KHf á númerið
1900 og þú gætir unnið.

VINNINGAR

Miðar fyrir 2 á Kingdom of Heaven
Glæsilegur varningur tengdur myndinni
DVD myndir og margt fleira.

11. HVER VINNUR



MOBILE

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

STUÐ MILLI STRÍÐA : Metrómenn

KRISTJÁN HJÁLMARSSON LITUR UPP TIL PEIRRA SEM KUNNA AÐ SNYRTA SIG



Svo kallaðir Metrómenn hafa verið að ryðja sér til rúms síðustu ár. Það sem einkennir Metrómennina er að þeir hugsa meira um útlit sitt en gengur og gerist meðal venjulegra manna. Þeir bera á sig alls kyns snyrtivörur, sem ég kann því miður ekki að nefna, spá og spekúlera í litríkum fötum sem fólk er ekki vant að sjá venjulega menn í, svo sem bleikum, gulum, rauðum og appelsínugulum.

Ég á erfitt með að átta mig á þessum Metrómönnum þar sem

ég er hálfgerður plebbi. Það er líka fátt eins undarlegt og að heyra þá tala saman – spyrja hvern annan ráða um hvernig sé best að snyrta skeggið, hvernig sé best að fá jafna brúnku, hvernig sé best að fá jöfn brot í fötin, hvaða gleraugnasþangir séu bestar og flottastar, og svo mætti lengi telja. Samt lít ég mjög upp til þessara manna á ákveðin hátt. Ég held nefnilega að ég beri ómælda virðingu fyrir þeim sem geta skipulagt tíma sinn og hlúð svo vel að sjálfum sér að það sést langar leiðir.

Þar að auki dáist ég að Metrómönnum því þeir kunna að snyrta skegg sitt af natni og alúð svo það myndar fínlega rönd

upp vangana og frá neðrivör niður á höku. Ég dáist mjög að hæfni þessara manna. Sennilega er það af því að ég er hálfgerður taðskeglingur sem er nýbyrjaður að raka sig kominn hátt á þrítugsaldurinn. Stöku sinnum leyfi ég þessum fáu hárum í andlitinu á mér að vaxa eða ég nenni einfaldlega ekki að raka þau af. Fyrir vikið spretta þau fram hér og þar um andlitið án þess að mynda eina samfellda heild. Þau dreifast meira segja svo um andlitið að kollegi minn spurði um daginn hvort ég væri að safna skeggjum en ekki skeggi. Fyrir vikið get ég ekki rakað mig að Metrómanna-hætti og verð því bara áfram að vera skegglaus plebbi. ■

myndasögur


■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



TÓNLEIKAR

Geislar af kátínu

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur haldið uppi öflugum tónleikastarfi í vetur, líkt og undanfarin ár. Á tónleikum hljómsveitarinnar í Akureyrarkirkju í dag verða flutt tvö verk eftir Mozart, forleikurinn að óperunni Don Giovanni og fiðlukonsert í G-dúr.

Einnig verður flutt sífónía í A-dúr eftir Felix Mendelssohn, sem oft er nefnd „Ítalska sífónían“.

Pegar Mozart var 19 ára samdi hann fimm fiðlukonserta. Þrjár þeirra teljast enn í dag til helstu fiðlukonserta gjörvallra tónbókmenntanna.

„Þessi var fyrstur í röðinni af þeim þremur og í honum er mesta kátínan og glettnin,“ segir Greta Guðnadóttir fiðluleik-

ari sem sér um einleiksfíðluna í þessum konsert.

„Það geislar af honum vorstemningin. Í hinum tveimur eru tilfinningarnar duldar, en í þessum er allt opið.“

Greta er leiðari annarrar fiðlu í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hefur undanfarin ár jafnframt verið konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Akureyrar. Hún segist ekki eiga í miklum vandræðum með að samræma þessi tvö störf, þótt þau séu hvort í sínum landshlutanum.

„Það er alltaf brjálað að gera í tónlistinni hvort sem er. Þetta er líka tilbreiðing fyrir mig, af því að annarrar fiðlu hlutverkið hefur verið svolítið viðloðandi í Reykjavík. Þetta er því tilvalið



RETA GUÐNADÓTTIR

til að viðhalda fyrstu fiðlu partinum, sem er í rauninni mjög nauðsynlegt líka.“

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MÁÍ						
5	6	7	8	9	10	11
Sunnudagur						

TÓNLEIKAR

14.00 Finnisk þjóðlagakórinn **Karjalan Käköset** heldur tónleika í Norræna húsinu. Með kórnum syngja **Eila** og **Elin Pöllänen**, „grát-“ eða „rúnasöngkonur“.

16.00 **Samkór Reykjavíkur** heldur vortónleika í Ymi við Skógarhlíð. Stjórnandi er **John Gear**, sem einnig sér um undirleik.

16.00 **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** flytur verk eftir Mozart og Mendelssohn í Akureyrarkirkju. Einleikari á tónleikum er **Greta Guðnadóttir** fiðluleikari. Stjórnandi hljómsveitarinnar er **Guðmundur Óli Gunnarsson**.

17.00 Vortónleikar **Kvennakórs Reykjavíkur** verða haldnir í Grafarvogskirkju. Með kórnum leika **Vignir Þór Stefánsson** á píanó og **Sigurður Flosason** á saxófóna og fleiri blásturshljóðfæri. Stjórnandi er **Sigrún Þorgeirsdóttir**.

17.00 Vortónleikar **kórs Hafnarfjarðarkirkju**, á afmælisári kirkjunnar, verða í Hafnarfjarðarkirkju.

OPNANIR

14.00 Danska listakonan **Camilla Berner** opnar sýningu í GUK+. Sýningin nefnist „the path in a park is what stops the grass“ og verður Camilla viðstödd opnunina á Selfossi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Ísland í bítið
Alla virka morgna kl. 7-9

Heimir Karlis | Inga Lind

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR



Gael Garcia Bernal Ekki verða veitt verðlaun fyrir bestan leik í karlhutverki en Íslandsvinurinn Gael Garcia Bernal fær viðurkenningu fyrir leik sinn í Mótorhjólalagabókunum.

Mótorhjólalagabækurnar með fimm tilnefningar

Það eru ekki bara Óskarsverðlaunin sem eru afhent í Hollywood heldur heidra suðuramerískir skemmtikraftar einnig hver annan með sínum árlegu Imagen-verðlaunum. Þau voru sett á laggirnar árið 1985 til þess að vekja athygli á framlagi suðuramerískra skemmtikrafta til afþreyingariðnaðarinnar.

Það eru kvikmyndirnar Spanglish og Mótorhjólalagabækurnar sem eru með flestar tilnefningararnar en báðar fengu þær fimm, þar á meðal sem besta myndin. Það vekur óneitanlega athygli að enginn karlleikari er tilnefndur fyrir leik í aðalhlutverki þar sem aðstandendum þótti ekki nægjanlega margir sýna framúrskarandi leik. Þeir hafa þó tilkynnt að Íslandsvinurinn Gael Garcia Bernal verði heiðraður fyrir túlkun sína á Che Guevara í Mótorhjólalagabókunum.

Þáttur George Lopez fékk þrjár tilnefningar, þar á meðal sem besti sjónvarpsþátturinn og Eva Longoria fékk tilnefningu

fyrir leik sinn í Aðþrengdum eiginkonum. Verðlaunin verða afhent á þjóðhátíðardegi Íslands, 17.júní.

Leikfélag Mosfellsveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

Síðasta sýning

Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrum. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Óskubuska, Stígvælaði kötturinn og fl.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-

Vortónleikar Kvennakórs Reykjavíkur
sunnudaginn
8. maí kl. 17:00
Grafarvogskirkju

Á efnisskrá eru gömul og ný uppáhíðslög, íslensk og norræn þjóðlög kryðuð með saxófón- og píandæveiflu.
Miðapólitur: svkor@midia.is
eða í síma 896 6468.

Apótekarinn eftir Haydn
Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands

8. maí kl. 20 - 4. sýn
10. maí kl. 20 - 5. sýn - Lokasýning
Ath. Aðgangur ókeypis

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Íslenska óperan v/Íngólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

Avaxtakarfan
Í AUSTURBÆ

Birgitta
Góða Guleit

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 8. Maí kl: 13:30
Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30
www.midi.is

MÝRARLJÓS
AUKASÝNING 19. MAÍ!

Stóra sviðið kl. 20.00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
Í dag sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**.

MÝRARLJÓS - Marina Carr
Í kvöld sun. 8/5 **uppselt. Aukasýning fim. 19/5 nokkur sæti laus**.

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson
6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 21/5 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 20/5 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 **nokkur sæti laus**. Sýningum fer fækkandi í vor.

Litla sviðið kl. 20.00
KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh
Mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, fim. 26/5. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Samkomuhúsið á Akureyri kl. 20.00 - Leikfór
GRÆNA LANDIÐ - Ólafur Haukur Simonarson
Fös. 13/5, lau. 14/5. Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.


Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ	NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
DRAUMLEIKUR e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHI. Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20 Síðustu sýningar	TERRORISMI e. Presnyakov bræður Fi 12/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20
HÍBÝLI VINDANNA leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar Í kvöld kl 20, Fö 13/5 kl 20 Su 22/5 kl 20, Fö 26/5 kl 20 - Síðustu sýningar	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR Einleikur Eddu Björgvinsdóttur. Í kvöld kl 20, Fi 12/5 kl 20 - UPPS , Fö 13/5 kl 20 - UPPS , Lau 14/5 kl 20 - UPPS , Fi 19/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20
HÉRI HÉRASON e. Coline Serreau Lau 27/5 kl 20 - Síðustu sýningar	SVIK eftir Harold Pinter Samstarf: Á SENUUNNI, SÖGN ehf. og LA Fi 12/5 kl 20 - Aukasýning
KALLI Á ÞAKINU e. Astrid Lindgren Í samstarfi við Á þakinu Í dag kl 14 - UPPS , Lau 14/5 kl 14 - UPPS . Su 22/5 kl 14 - UPPS , Lau 4/6 kl 14 Su 5/6 kl 14, Su 12/6 kl 14, Su 12/6 kl 17 Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14	RÍÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ e. Önnu Reynolds. Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS. Fö 13/5 kl 20, Lau 14/5 kl 20 - Síðustu sýningar
PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU Margrét Kristín Sigurðardóttir Fi 12/5 kl. 21:00	Börn 12 ára og yngri fá fritt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

Ósýseifskviða



„Seg mér, sönggyðja, frá hinum ráðkaena manni er hraktist mjög víða, eftir það hann hafði lagt í eyði hina helgu Trójuborg, þeim er sá borgir og kynntist skaplyndi margra manna.“

Þær verða ekki miklu flottari byrjanirnar en hjá Hómeri í Ósýseifskviðu.

bækur

bækur@frettabladid.is

Da Vinci lykkillinn í bíó eftir ár

Það þarf bókstaflega allt að fara úrskeiðis til þess að koma í veg fyrir að kvikmyndin sem verður er að gera eftir metsölubókinni Da Vinci lykkillinn verði vinsælasta mynd næsta árs en þótt myndin sé enn á vinnslustigi hefur hún allt sem þarf til þess að slá í gegn. Þetta eru framleiðendur hennar auðvitað meðvitaðir um og þeir eru þegar farnir að byggja upp spennu í kringum myndina sem fer ekki í dreifingu fyrr en sumarið 2006. Fyrsta auglýsingavegspjaldið er þegar komið í umferð en þar er sjálf Móna Lisa í forgrunni en aðalpersónur bókarinnar eru fjarri góðu gamni. Það er þó engin hætt á að leikaravalið verði til þess að fæla fólk frá myndinni sem Óskarsverðlaunahafinn Ron Howard leikstýrir. Tom Hanks mun fara með hlutverk tákfræðingsins Roberts Langdon en Hanks er þeirri náttúru gæddur að allt sem hann kemur nálægt verður að gulli þannig að þegar vinsældir hans og bókarinnar eru

saman lagðar getur útkoman ekki orðið annað en stjarnfræðileg. Það eru svo engir aukvarir sem verða Hanks til halds og trausts en svalasti Frakki allra tíma, Jean Reno, leikur lögreglufulltrúan Bezu Fache og hin dásamlega Audrey Tautou, sem sló í gegn með Amelie og myndinni um hina mjög svo löngu trúlofun, leikur Sophie Neveau. Þá bættust nýlega tveir þungavigtarmenn í hópin sem báðir eiga það sameiginlegt að hafa leikið skúrka í bíómyndum um ofurhetjur úr Marvel myndasöguheiminum. Ian McKellen mun leika Sir Leigh Teabing sem er alls ekki allur þar sem hann er séður, eins og þeir sem hala lesið bókina vita. Kellen hefur komið víða við og meðal annars leikið Gandálf í Hringadróttins sögu, Ríkarð III og síðast en ekki síst skúrinn Magneto í X-Men. Alfred Molina hefur svo verið ráðinn til að leika Aringrosa biskup en hann fór síðast á kostum sem Dr. Octopus í Spider-Man 2.



> Bók vikunnar ...

TÍSKA ALDANNA eftir Ásdís Jólisdóttur

Bókin var um tíu ár í vinnslu og er full af fróðleik um tisku, hönnun og arkitektúr. Höfundur bókarinnar tvinnar tíma-bíl sögunnar skemmtilega saman í lifandi frásögn. Tísku aldanna er hægt að nota sem uppléttirit, kennslubók og dægradvöl. Bókin er mikið konfekt fyrir augað, uppsetningin er falleg og hana prýða ótal myndir sem gefa bókinni aðra vídd.



ALDARFJÓRÐUNGSAFMÆLI: EINAR ÁSKELL

Holdgervingur vináttunnar

Einar Áskell á íslensku:

Góða nótt, Einar Áskell
Svei-attan Einar Áskell
Flýttu þér, Einar Áskell
Hver bjargar Einari Áskelli?
Útsmoginn Einar Áskell
Einar Áskell og ófreskjan
Ertu skræfa, Einar Áskell?
Hvað varð um Einar ærslabælg?
Var það vofa, Einar Áskell?
Þú átt gott, Einar Áskell
Einar Áskell og Milla
Höldum veislu, Einar Áskell!
Hókus pókus Einar Áskell
Bittu slaufur, Einar Áskell!
Engan æsing, Einar Áskell!
Milla getur ekki sofið
Meira ó-ó, Einar Áskell!
Ne-hei, sagði Einar Áskell
Ertu svona, Einar Áskell?
Hvar endar Einar Áskell?
Einar Áskell og Mangi leynivínur

Einar Áskell er orðinn 25 ára, þótt hann beri það ekki með sér. Sigrún Árnadóttir þýðandi segir ómögulegt að segja hvað strákur hefði fyrir stafni á fullorðinsaldri, en þó væri hann fullfær um húshald, alinn upp af einstæðum föður. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir heilsaði upp á Sigrúnu í tilefni afmælisins.

„Það er erfitt að segja hvað strákurinn væri að gera orðinn 25 ára, en hann hlyti að vera orðinn mjög þroskaður í samskiptum og sjálfbjarga með persónulegt líf sem ætti að auðvelda honum að takast á við tilveruna, hvaða starf sem hann nú veldi sér,“ segir Sigrún Árnadóttir, þýðandi bókanna um Einar Áskell, sem fyrst komu út fyrir 25 árum á Íslandi.

„Vináttan er mikið umhugsunarefni í bókunum, en ég hef alltaf haldið mest upp á þá fyrstu, Góða nótt, Einar Áskell, því hún er svo yndislega nærfærin um þau atvik sem allir foreldrar standa frammi fyrir þegar barn á að fara að sofa en getur það ekki og fitjar upp á því að þú þarfa að pissa, bursta tennur og fá bangsa fyrst, allt verk sem þarf að leysa,“ segir Sigrún og jatar að hafa ekki tímt að láta drenginn frá sér eftir að hafa þýtt fyrstu bókina og gefið honum íslenskt nafn.

„Ég tók miklu ástfóstri við strákinn eftir að hafa skírt hann á íslensku og gat ekki hugsað mér að láta hann frá mér, því eins og með önnur fósturbörn lætur maður þau ekki í hendurnar á hverjum sem er.“

Tímamótaverk

Í frumútgáfu sænska rithöfundarins Gunilla Bergström heitir drengurinn Alfons Åberg. Sigrún segist hafa viljað halda forminu og finna tvö tvíkvæð nöfn sem bæði byrjuðu á sérhljóða og hljómuðu vel og eðlilega saman.

„Nafnið var ekki frá neinni lifandi fyrirmynd en mér þótti samsetningin góð og hún heppnaðist vel. Einar Áskell er svo fast nafn í hugum íslenskra barna að þegar gerðar hafa verið endurútgáfur af eldri bókunum þar sem hann heitir bara Einar hefur því verið breytt í nöfnin tvö.“

Bækurnar um Einar Áskell þóttu tímamótaverk í barnabókmenntum því viðfangsefnið var fjölskyldumunstrið einstæður faðir með barn.

„Bækurnar eru skemmtilegar því þær eru unnar af sömu manneskjunn, bæði myndir og texti. Þær eru fyndnar og höfða sterkt til barna og Einar Áskell er svo hlægilegur að börn fá mikið dálæti á honum. Myndir Gunillu eru ríkur þáttur og hún tekur margt fyrir sem börnum er sameiginlegt, eins og leynivíninn Manga, sem margir krakkar eiga en enginn sér nema þau og þau eiga gott sálufélag við,“ segir Sigrún, sem ekki getur gert upp á milli sögupersónanna.

„Þær eru allar yndislegar, ekki síst Victor og Milla, vinir Einar Áskells í stigaganginum, en krakkarnir eru ákaflega samrýndir þótt þeim komi ekki alltaf vel saman og séu stundum hundvond út í hvort annað. Slíkt þarf að taka fyrir í barnabókum því krakkar þekja vel að perluvínur verða stundum reiðir út í hver annan.“

Vinsæll og sigildur

Í tilefni 25 ára afmælis Einar Áskells gefur Mál og menning út bókina Einar Áskell og Mangi leynivínur, en bókinn kom út á sænsku 1976. Áður hefur komið út síðasta bók Gunillu í flokknum, Hvar end-



SIGRÚN ÁRNADÓTTIR, ÞÝÐANDI BÓKANNA UM EINAR ÁSKELL. „Bækurnar eru þeirrar gerðar að foreldrar verða ekki hundleiðir á þeim, sem er mikils virði því góðar barnabækur þarf að lesa mörgum sinnum í einum rykk fyrir sama barnið.“

ar Einar Áskell?, árið 2002.

„Bækurnar eru þeirrar gerðar að foreldrar verða ekki hundleiðir á þeim, sem er mikils virði því góðar barnabækur þarf að lesa mörgum sinnum í einum rykk fyrir sama barnið og það er hræðileg raun fyrir foreldra að geispa og drepastrá úr leiðindum í hvert sinn. Það er galdurinn í bókunum, þær halda fólk við efnið. Það skýrir einnig hvers vegna þær þurfa alltaf að vera til í bókabúðum því foreldrar sem ólust upp við Einar Áskell eru sjálfir farnir að ala upp sín börn og vilja kynna þau fyrir stráknum,“ segir Sigrún og segir bækurnar sigildar bókmenntir.

„Það er skemmtilegt að Einar Áskell er kominn inn í íslenskar bókmenntir, í ljóði Ísaks Harðarsonar, þar sem hann gerir þennan sænsk-íslenska strák að persónugervingi litla mannsins í veröldinni. Krakkar samsama sig honum og þá hefur tilurð hans heppnast,“ segir Sigrún, sem ekki hefur ákveðið hvernig hún heldur upp á afmæli Einar Áskells.

„En hann er alltaf hér í bókahillunni hjá mér, í seilingarhæð fyrir litlu krakkana sem hafa vanið því að ganga í bækurnar til að skoða hann og lesa, því Einar Áskell er sívinsæll meðal íslenskra barna.“ ■



EINAR ÁSKELL. Bækurnar um Einar Áskell þóttu tímamótaverk í barnabókmenntum því viðfangsefnið var fjölskyldumunstrið einstæður faðir með barn.

Þrjár bækur

Einfaldur frásagnarmáti

Gerður Kristný rithöfundur átti í smá erfiðleikum með að velja þrjár eftirminnilegar bækur en eftir að hafa útilokað Saltkráku eftir Astrid Lindgren reyndist valið auðveldara.

„Ég hef tekið eftir því að ég gleymi oft jafnóðum þeim bókum sem ég les nú en mér finnst eins og það sem ég las eða sá í bíó á menntaskólaárunum hafi fest mun betur. Þá var ég að velja því fyrir mér hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Á unglingsárnum er maður svo mikill svampur og tilfinningavera að maður tekur allt inn á sig. Allt sem var gott varð óskaplega gott,“ segir Gerður Kristný og nefnir fyrst af öllu Jólalátori Górans Tunström. „Hann fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs '84. Mér fannst þetta alveg stórkostleg bók. Hann notar mjög einfaldan frásagnarmáta og mér fannst



GERÐUR KRISTNÝ

vænt um Sidner. Þetta er saga sem tekur yfir mörg ár og mikla atburði. Ég man að ég keypti þessa bók á falletum sumardegum og las hana í Hljómskálagarðinum,“ segir Gerður Kristný.

Önnur eftirminnileg bók er Í austurbotni eftir Antti Tuuri sem fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs '85. „Mér fannst Tuuri algjörlega frábær höfundur en deildi þeirri hrifningu ekki með jafnöldrum mínum,“ segir Gerður

Kristný sem einnig hefur lesið bækurnar Vetrarstríð og Til Ameríku eftir sama höfund. „Hann á það sameiginlegt með Arto Paasilinna að þeir skrifa báðir mjög yfirlætislausan stíl og svo er stundum sem þeir slystast til að verða myndir. Þá verður það líka ógurlega myndi. Svo skrifa þeir varla bók án þess að minnst á Vetrarstríðið. Þetta er frekar harðneskjulegur heimur sem þeir lýsa og mér finnst eins og ég þekki þessar persónur – eins og ég hafi jafnvel hitt þær í fermingarveislu.“

Þriðja og síðasta bókinn sem Gerður Kristný nefnir er Ljóðasafn Hannesar Sigfússonar. Gerður tók safnið með sér til Kaupmannahafnar '93 þegar hún var að yrkja fyrstu ljóðabókina sína, Ísfrétt. „Hannes bara kann þetta,“ segir Gerður og bætir við. „Ég vona að ég hafi notið góðs af.“ ■

Stökktu til

Króatíu

19. maí

frá kr. 39.990

Síðustu sætin

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2 - 11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 19. maí.

Ótrúlegt tilboð á síðustu sætum til Króatíu þann 19. maí. Þú bókast og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir þóttfærðu að vita hvar þú gistir.

MasterCard Munið Mastercard ferðavísunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herb./stúdíó/íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 19. maí.

Einn í þúsund ára bókmenntasögu Íslands

„Vinjetta er bil á milli orsagna og prósa, stutt og hnitmiðuð frásögn þar sem höfundur leggur áherslu á að segja helst efni heillar skáldsögu á einni blaðsíðu,“ segir Ármann Reynisson um bókmenntaform sem hann kom fyrstur með í þúsund ára sögu íslenskra bókmennta.

